Ársskýrsla UMSK 2017

94. ársþing 13. febrúar 2018

Ungmennasamband
Kjalarnesþings

Efnisyfirlit

Ávarp formanns 4
Stjórn 5
Fjöldi þingfulltrúa 6
Aðildarfélög UMSK 7
UMSK í tölum 10
Úr starfi UMSK 11
Afrekaskrá í frjálsum íþróttum 20
UMFÍ fréttir 23
Fréttapunktar frá ÍSÍ 26
Frá félögum 30
Viðurkenningar 42
Heiðursviðurkenningar 44
Afreksmannasjóður UMSK 48
Lög UMSK 48
Reikningar 2017 50

Skýrslan

Skýrsla 2017, lögð fram á 94. ársþingi Ungmennasambands Kjalarnesþings var unnin á skrifstofu UMSK af Valdimar Gunnarssyni í febrúar 2018.

Umbrot og hönnun:
Magnús Óskarsson

Höfundar efnis:
Valdimar Leó Friðriksson
Valdimar Gunnarsson
Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
Halla Kjartansdóttir

Ljósmyndir:
Úr safni UMSK, UMFÍ, ÍSÍ og frá félögum.
Prentun: Litlaprent.

Ávarp formanns

Ágætu þingfulltrúar
Velkomin á 94. ársþing UMSK

Félagsmönnum UMSK fer sífellt fjölgandi og telja nú 76.840. Aðildarfélögin eru 48, þar af eru 6 fjölgreinafélög með 47 deildir, þannig að samtals eru þetta 95 einingar. Iðkendum hefur fjölgað um 5% á milli ára og eru nú 33.090, og skiptist jafnt á milli kynja.

UMSK á langa og farsæla 95 ára sögu að baki og er í dag sterkt og öflugt samband sem státar af virkum og góðum félögum sem hafa lagt á sig mikla vinnu til að standa vörð um félagsauðinn. Í gegnum tíðina hefur stjórn UMSK lagt sig fram um að gæta aðhalds og útsjónarsemi í öllu sínu starfi. Framtíð héraðssambandsins og aðildarfélaganna er björt en við megum hvergi slaka á í starfi okkar til þess að glata ekki þeim stöðugleika sem við búum við.

Afgangur varð af rekstri UMSK á síðasta ári og ákvað stjórnin að láta eina milljón króna af hagnaði renna til afrekssjóðs og þrjár milljónir í fræðslusjóð. Úr fræðslusjóði geta m.a. þjálfarar aðildafélaganna fengið styrki til að sækja sér aukna menntun erlendis. Það er nauðsynlegt fyrir þjálfara eins og aðra að eiga kost á aðstoð til að viðhalda sinni menntun og endurnýja áhugann. Á síðustu árum hafa 14 þjálfarar sótt í þennan sjóð og viljum við hvetja aðildarfélögin til að vekja athygli á sjóðnum. Styðja við þá eins og aðra.

Við höfum ekki farið varhluta af Metoo átakinu. Það er nauðsynlegt að íþrótta- og æskulýðshreyfingin stilli saman strengi sína og samræmi reglur og viðbragðsáætlanir þannig að allir séu á sömu línu. Þessi mál þarf að taka föstum tökum innan íþróttahreyfingarinnar og mun UMSK leggja sitt af mörkum í þeim efnum. Fyrir tíu árum síðan unnum við í samvinnu við HK að útgáfu siðareglna fyrir aðildarfélögin. Þessar reglur hafa dreifst víða og margir tvinnað þær inn í þjálfarasamninga til að skýra samskiptareglur og til að hægt sé að bregðast hratt við brotum. Auk siðareglna UMSK þá er til efni bæði hjá ÍSÍ og UMFÍ. Síðan er rétt að vekja athygli á „Æskulýðsvettvanginum“. Hann var stofnaður árið 2012 og býður m.a. upp á aðstoð við þá sem hafa lent í einelti eða kynferðislegri áreitni. Við fáum kynningu hér á ársfundinum á því hvernig þau geta aðstoðað okkur varðandi kynferðismál sem upp kunna að koma.

Ágætu þingfulltrúar.

Ég vil að lokum þakka stjórn, framkvæmdastjóra og aðildarfélögunum fyrir frábært starf og samstarf á árinu, með ósk um áframhald á því, okkur öllum til heilla.

Valdimar Leó Friðriksson Formaður UMSK

Stjórn UMSK

Formaður:
Valdimar Leó Friðriksson.
Furubyggð 32, 270 Mosfellsbæ
valdimarleo@umsk.is

Varaformaður:
Magnús Gíslason.
Þorrasölum 9, 201 Kópavogur

Gjaldkeri:
Guðmundur Sigurbergsson.
Lindasmára 57, 201 Kópavogur

Ritari:
Margrét Björnsdóttir.
Fellasmára 10, 201 Kópavogi.

Meðstjórnandi:
Lárus B. Lárusson.
Lindarbraut 8, 170 Seltjarnarnes

Varastjórn:
Sólveig Jónsdóttir.
Borgarholtsbraut 27, 200 Kópavogur

Þorsteinn Þorbergsson.
Ásbúð 3, Garðabæ

Helga Jóhannesdóttir.
Hjarðaland 4a, Mosfellsbæ

Framkvæmdastjóri:
Valdimar Smári Gunnarsson.
umsk@umsk.is,
sími 5144090 / 8948503

Skrifstofa sambandsins er að Engjavegi 4, Reykjavík og er opin alla virka daga frá 9:00 -16:00.

Dagskrá 94. ársþings UMSK

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Ársreikningur áritaður af stjórn og skoðunarmönnum lagður fram.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal uppstillingarnefnd sem starfar á milli þinga.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á áliti nefnda.
18. Önnur mál.
19. Kosningar, kjörnefnd skilar áliti.
20. Kosning formanns.
21. Kosning tveggja stjórnarmanna.
22. Kosning þriggja manna í varastjórn.
23. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
24. Kosning til Íþróttaþings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttaþing er haldið.
25. Þingslit.

Fjöldi þingfulltrúa á 94. ársþingi UMSK 2018

Félag	Félagar 16 ára+	Þingfulltrúar
Augnablik	59	1
Bogfimifélagið Boginn	408	4
Dansfélagið Hvönn	429	4
Dansíþróttafélag Kópavogs	751	8
Fótboltafélagið Skínandi	28	1
Golfklúbbur Álftaness	245	2
Golfklúbburinn Nesklúbburinn	744	7
Golfklúbburinn Oddur	1233	9
Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar	1630	9
Golfklúbbur Mosfellsbæjar	1141	9
Handknattleiksfélag Kópavogs	10248	9
Hestaíþróttafélagið Hörður	686	7
Hestamannafélagið Adam	55	1
Hestamannafélagið Sóti	88	1
Hestamannafélagið Sprettur	1022	9
Hjólreiðafélagið Hjólamenn	45	1
Hnefaleikafélag Kópavogs	121	1
Hvíti riddarinn	83	1
Íþróttafélag aldraðra Kópavogi	93	1
Íþróttafélagið Gáski	37	1
Íþróttafélagið Gerpla	7951	9
Íþróttafélagið Glóð	243	2
Íþróttafélagið Grótta	1742	9
Júdófélag Garðabæjar	17	1

Félag	Félagar 16 ára+	Þingfulltrúar
Knattspyrnufélagið Álafoss	20	1
Knattspyrnufélag Garðabæjar	63	1
Knattspyrnufélagið Ísbjörninn	177	2
Knattspyrnufélagið Kría	45	1
Knattspyrnufélagið Vatnaliljur	58	1
Knattspyrnufélagið Örninn	24	1
Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar	47	1
Kraftlyftingafélag Seltjarnarness - Zetorar	39	1
Krikketfélag Kópavogs	25	1
Lyftingafélag Garðabæjar	88	1
Lyftingafélag Kópavogs	41	1
Rugbyfélagið Stormur	26	1
Siglingafélagið Ýmir	349	3
Skautafélagið Fálkar	25	1
Skotfélag Kópavogs	310	3
Skylmingafélag Seltjarnarness	40	1
Stálúlfur	134	1
Tennisfélag Garðabæjar	182	2
Tennisfélag Kópavogs	579	6
Umf. Álftaness	1142	9
Breiðablik ungmennafélag	10381	9
Umf. Stjarnan	5587	9
Ungmennafélagið Aftureldingu	6527	9
Vélhjólaíþróttaklúbbur Mosfellsbæjar	249	2

Aðildarfélög UMSK 2017

Afturelding www.afturelding.is
Ungmennafélagið Afturelding, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 11. apríl 1909
Formaður: Dagný Kristinsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 8.644
Fjöldi iðkenda: 2.034

UMFÁ www.umfa.is
Ungmennafélag Álftaness
Félagið stofnað: 6. janúar 1946
Formaður: Guðjón Þór Þorsteinsson
Fjöldi félagsmanna: 1460
Fjöldi iðkenda: 453

Breiðablik www.breidablik.is
Breiðablik ungmennafélag, Kópavogi
Félagið stofnað: 12. febrúar 1950
Formaður: Sveinn Gíslason
Fjöldi félagsmanna:14.516
Fjöldi iðkenda: 6.011

Gerpla www.gerpla.is
Íþróttafélagið Gerpla, Kópavogi
Félagið stofnað: 25. apríl 1971
Formaður: Harpa Þorláksdóttir
Fjöldi félagsmanna: 12.872
Fjöldi iðkenda: 2.391

Stjarnan www.stjarnan.is
Ungmennafélagið Stjarnan, Garðabæ
Félagið stofnað: 30. október 1960
Formaður: Sigurður Bjarnason
Fjöldi félagsmanna: 8.531
Fjöldi iðkenda: 4.243

Grótta www.grottasport.is
Íþróttafélagið Grótta, Seltjarnarnesi
Félagið stofnað: 24. apríl 1967
Formaður: Elin Smáradóttir
Fjöldi félagsmanna: 2.920
Fjöldi iðkenda: 2.481

HK www.hk.is
Handknattleiksfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 26. janúar 1970
Formaður: Sigurjón Sigurðsson
Fjöldi félagsmanna: 13.597
Fjöldi iðkenda: 3.783

Ýmir www.siglingafelag.is
Siglingafélagið Ýmir, Kópavogi
Félagið stofnað: 4. mars 1971
Formaður: Hannes Sveinbjörnsson
Fjöldi félagsmanna: 361
Fjöldi iðkenda: 281

Golfklúbbur Mosfellsbæjar
Félagið stofnað: desember 2014
Formaður: Kári Tryggvason
Fjöldi félagsmanna: 1.257
Fjöldi iðkenda: 1.257

Gáski (Óvirkt)
Íþróttafélagið Gáski, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 10. júní 1982
Formaður: Snorri Magnússon
Fjöldi félagsmanna: 0
Fjöldi iðkenda: 0

GKG www.gkg.is Golfklúbbur, Kópavogs og Garðabæjar
Félagið stofnað: 24. mars 1994
Formaður: Finnur Sveinbjörnsson
Fjöldi félagsmanna: 2.217
Fjöldi iðkenda: 2.217

Hörður www.hordur.is
Hestaíþróttafélagið Hörður, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 22. febrúar 1950
Formaður: Hákon Hákonarson
Fjöldi félagsmanna: 778
Fjöldi iðkenda: 778

Sprettur www.sprettarar.is
Hestamannafélagið Sprettur, Kópavogi/Garðabæ
Félagið stofnað: 29. júní 2012
Formaður: Sveinbjörn Sveinbjörnsson
Fjöldi félagsmanna: 1.018
Fjöldi iðkenda: 1.148

SFK
Skotfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 28. apríl 1989
Formaður: Jón Viðar Björnsson
Fjöldi félagsmanna: 310
Fjöldi iðkenda: 99

TFK www.tfk.is
Tennisfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 4. júní 1991
Formaður: Jón Axel Jónsson
Fjöldi félagsmanna: 796
Fjöldi iðkenda: 697

GO www.oddur.is
Golfklúbburinn Oddur, Garðabæ
Félagið stofnað: 14. júlí 1993
Formaður: Elín Hrönn Ólafsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 1.311
Fjöldi iðkenda: 1.311

Sóti www.hmfsoti.com/
Hestamannaélagið Sóti, Bessastaðahreppi
Félagið stofnað: 30. maí 1994
Formaður: Jörundur Jökulsson
Fjöldi félagsmanna: 122
Fjöldi iðkenda: 122

NK www.golf.is/nk
Golfklúbbur Ness
Félagið stofnað: 1964
Formaður: Kristinn Ólafsson
Fjöldi félagsmanna: 773
Fjöldi iðkenda: 773

Augnablik
Knattspyrnufélagið Augnablik
Félagið stofnað: 1981
Formaður: Friðrik Þór Gunnarsson
Fjöldi félagsmanna: 59
Fjöldi iðkenda: 59

ÍAK
Íþróttafélag aldraðra Kópavogi
Félagið stofnað: 27. október 1994
Formaður: Hörður Þorleifsson
Fjöldi félagsmanna: 93
Fjöldi iðkenda: 74

Hvönn www.hvonn.com
Dansfélagið Hvönn, Kópavogi
Félagið stofnað: 21. október 1995
Formaður: Hafsteinn Örn Guðmundsson
Fjöldi félagsmanna: 855
Fjöldi iðkenda: 482

DÍK www.dansari.is
Dansíþróttafélag Kópavogs
Félagið stofnað: 1. desember 2001
Formaður: Ellen Dröfn Björnsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 1.504
Fjöldi iðkenda: 334

Riddarinn www.riddarinn.is
Hvíti Riddarinn
Félagið stofnað: 27. janúar 2004
Formaður: Agnar Freyr Gunnarsson
Fjöldi félagsmanna: 83
Fjöldi iðkenda: 83

Skylmingafélag Seltjarnarness
Félagið stofnað: apríl 2003
Formaður: Guðrún Jóhannsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 52
Fjöldi iðkenda: 48

ÍGK www.glod.is
Íþróttafélaið Glóð, Kópavogi
Félagið stofnað: 24. október 2005
Formaður: Margrét Björnsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 243
Fjöldi iðkenda: 215

GÁ www.golf.is/pages/klubbar/klubbasida
Golfklúbbur Álftaness
Félagið stofnað: 14. maí 2002
Formaður: Halldór Klemenzson
Fjöldi félagsmanna: 278
Fjöldi iðkenda: 136

Hjólamenn www.hjolamenn.is
Hjólreiðafélagið Hjólamenn
Félagið stofnað: 11. nóvember 2004
Formaður: Árni Guðlaugsson
Fjöldi félagsmanna: 45
Fjöldi iðkenda: 45

Motomos www.motomos.is
Vélhjólaíþróttaklúbbur Mosfellsbæjar
Félagið stofnað:
Formaður: Bjarni Sigurgeirsson
Fjöldi félagsmanna: 267
Fjöldi iðkenda: 238

Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar
Félagið stofnað: 13. desember 2009
Formaður: Hjalti Árnason
Fjöldi félagsmanna: 48
Fjöldi iðkenda: 28

Tennisfélag Garðabæjar www.tfg.is/
Félagið stofnað: 4. desember 2008
Formaður: Eyþór Rafn Þórhallsson
Fjöldi félagsmanna: 270
Fjöldi iðkenda: 189

Knattspyrnufélag Garðabæjar
Félagið stofnað:12. mars 2008
Formaður: Lárus Guðmundsson
Fjöldi félagsmanna: 63
Fjöldi iðkenda: 37

Hestamannafélagið Adam Kjós
www.kjos.is/felagasamtok/hestamannafelagid-adam/
Félagið stofnað 8. febrúar 2007
Formaður: Óðinn Elísson
Fjöldi félagsmanna: 59
Fjöldi iðkenda: 59

Íþróttafélagið Stálúlfur
www.stalulfur.blogcentral.is
Kópavogi
Félagið stofnað 1. janúar 2010
Formaður: Algirdas Slapikas
Fjöldi félagsmanna: 134
Fjöldi iðkenda: 131

Judófélag Garðabæjar www.jg.is
Félagið stofnað: 27. maí 2010
Formaður: Björn Halldór Halldórsson
Fjöldi félagsmanna: 42
Fjöldi iðkenda: 42

Kraftlyftingafélag Seltjarnarness - Zetorar
Félagið stofnað: 10. janúar 2011
Formaður: Grétar Dór Sigurðsson
Fjöldi félagsmanna: 39
Fjöldi iðkenda: 39

Skautafélagið Fálkar
Kópavogi
Félagið stofnað: 20. október 2010
Formaður: Helgi Páll Þórisson
Fjöldi félagsmanna:0
Fjöldi iðkenda: 0

Rugbyfélagið Stormur
Seltjarnarnesi
Félagið stofnað: 29. september 2010
Formaður: Birnir Orri Pétursson
Fjöldi félagsmanna: 26
Fjöldi iðkenda: 26

Bogfimifélagið Boginn www.boginn.is
Kópavogi
Félagið stofnað: 10. Júlí 2012
Formaður: Guðmundur Þ. Guðjónsson
Fjöldi félagsmanna: 469
Fjöldi iðkenda: 333

Knattspyrnufélagið Vatnaliljur
Kópavogi
Félagið stofnað: 22.september 2012
Formaður: Kristinn Pálsson
Fjöldi félagsmanna: 58
Fjöldi iðkenda: 51

Knattspyrnufélagið Skínandi
Garðabæ
Félagið stofnað: 7. Janúar 2012
Formaður: Baldur G Jónsson
Fjöldi félagsmanna: 28
Fjöldi iðkenda: 4

Knattspyrnufélagið Ísbjörninn
Kópavogi
Félagið stofnað: 17. mars 2008
Formaður: Hafþór Karlsson
Fjöldi félagsmanna: 177
Fjöldi iðkenda: 173

Knattspyrnufélagið Örninn
Kópavogi
Félagið stofnað: 18. des 2013
Formaður: Vífill Traustason
Fjöldi félagsmanna: 24
Fjöldi iðkenda: 22

Knattspyrnufélagið Krían
Seltjarnarnesi
Félagið stofnað: 15. janúar 2014
Formaður: Pétur Már Harðarson
Fjöldi félagsmanna: 45
Fjöldi iðkenda: 45

Hnefaleikafélag Kópavogs
Félagið stofnað: 21.febrúar 2013
Formaður: Karen Ósk Nilsen Björnsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 170
Fjöldi iðkenda: 170

Lyftingafélag Garðabæjar
Félagið stofnað:
Formaður: Árni Björn Kristjánsson
Fjöldi félagsmanna: 99
Fjöldi iðkenda: 99

Lyftingafélag Kópavogs
Félagið stofnað:
Formaður: Jens Andri Fylkisson
Fjöldi félagsmanna: 45
Fjöldi iðkenda: 68

Krikketfélag Kópavogs
Félagið stofnað: 2015
Formaður: Jakob Róbertson.
Fjöldi félaga: 25
Fjöldi iðkenda: 25

Ungmennafélagið Drengur Kjós
Félagið stofnað: 2015
Formaður: Elís Guðmundsson.
Fjöldi félaga: 0
Fjöldi iðkenda: 0

Knattspyrnufélagið Álafoss
Félagið stofnað: 2017
Formaður: Patrekur Helgason.
Fjöldi félaga: 20
Fjöldi iðkenda: 20

Fjöldi iðkenda pr. íþróttagrein sem stundaðar eru innan UMSK



UMSK í tölum

Fjöldi aðildarfélaga 48

Fjöldi iðkenda 33.092
(karlar 57,5%, konur 42,5%)
16 ára og yngri 52,9% iðkenda.

Fjöldi félagsmanna 76.839
(karlar 50,2% og konur 49,8%)
16 ára og yngri 28,5% félagsmanna.

Fjölgun félaga milli ára 2.3%
Fjölgun iðkenda milli ára 4,7%

Úr starfi UMSK

UMSK mót í handbolta

UMSKmót kvenna í handbolta var haldið Í Kórnum dagana 30. ágúst – 1.sept. Lið frá Aftureldingu, HK, Gróttu og Stjörnunni tóku þátt í mótinu. Lið Stjörnunnar stóð uppi sem sigurvegari. Besti leikmaður mótsins var valin Lovísa Thomson Gróttu, besti markmaðurinn Enikó Marton Aftureldingu, besti sóknarmaðurinn Valgerður Ýr Þorsteinsdóttir HK og besti varnarmaður Ramune Pekarskyte Stjörnunni.

Umsk mót í dansi

Opna UMSK mótið í dansi fór fram í Smáranum Kópavogi í október. Þetta er fjórða mótið sem haldið hefur verið en það eru dansfélögin þrjú í Kópavogi sem sjá um framkvæmd mótsins og hafa gert frá upphafi. Mótið í ár var einstaklega glæsilegt og margir áhorfendur fylgdust með spennandi keppni. Keppt var í öllum aldursflokkum samkv. reglum DSÍ. Mótið hefur skapað sér sess sem eitt af betri dansmótum sem haldið er á Íslandi. Keppendur komu víða að og mörg erlend pör voru skráð til keppni.
Á dansmótinu er keppt um bikar sem stigahæsta félagið hlýtur og var það DÍK sem vann bikarinn í ár.

Skólahlaup UMSK

Skólahlaup UMSK fór fram á Kópavogsvelli í blíðskaparveðri í október. Mikil og góð þátttaka var í hlaupinu eða níu hundruð hlauparar úr 4.-7. bekk úr grunnskólum á sambandssvæði UMSK.
Í Skólahlaupinu er keppt um bikar sem nefnist Bræðrabikarinn en þann bikar hlýtur sá skóli sem hlutfallslega er með flesta þátttakendur. Í ár var það Lindaskóli í Kópavogi sem fékk bikarinn en 79% nemenda í 4. -7. bekk tóku þátt.

Þrír fyrstu í hverjum árgangi fá verðlaunapening.
Eftirtaldir keppendur fengu verðlaun:

4. bekkur stúlkur
1. Edit Kristjánsdóttir Álfhólsskóla
2. Kristín Sara Arnardóttir Álfhólsskóla
3. Berglind Bára Arnardóttir Álfhólsskóla

Strákar 4. bekk
1. Ísak Þráinsson Lágafellsskóla
2. Markús Ásmundsson Lindaskóla
3. Halldór Másson Kópavogsskóla

5. bekkur stúlkur
1. Ísold Sævarsdóttir Flataskóla
2. Melkorka Kristín Jónsdóttir Kópavogsskóla
3. Sunna Kristín Gísladóttir Lindaskóla

5. bekkur strákar
1. Rúrik Þór Esteves Lágafellsskóla
2. Aron Freyr Guðmundsson Flataskóla
3. Emil Freyr Jónsson Lindaskóla

6. bekkur stúlkur
1. Ingunn Böðvarsdóttir Kópavogsskóla
2. Leóna Sara Pálsdóttir Lindaskóla
3. Hulda Sigrún Orradóttir Lindaskóla

6. bekkur strákar
1. Enes Þór Enesson Varmárskóla
2. Björn Einarsson Lágafellskóla
3. Arnar Máni Andersen Lágfellsskóla

7. bekkur stúlkur
1. Ólína Ágústa Valdimarsdóttir Flataskóla
2. Ásdís Soffía Arthúrsdóttir Flataskóla
3. Berglind Erla Baldursdóttir Lágafellsskóla og Karen Dæja Lágafellsskóla.

7. bekkur strákar
1. Örn Ragnarsson Varmárskóla
2. Ásgeir Helgi Orrason Lindaskóla
3. Gabriel Snær Pétursson Varmárskóla

Bocciamót UMSK

Bocciamót UMSK 2017 var haldið í Íþróttamiðstöðinni Varmá Mosfellsbæ laugardaginn 25. febrúar. Keppt var í tvímenningi og um 30 lið skráðu sig til keppni.

Sigurvegarar voru:

1. Guðmundur Bachmann og Ingimundur Ingimundarson Borgarnesi
2. Böðvar Jóhannesson og Þorvaldur Valgarðsson FEBAN
3. Jón Helgi Einarsson og Valur Snæbjörnsson Borgarbyggð

Skólamót í blaki – undirbúningur

Framkvæmdastjóri fór til Finnlands síðastliðið vor til að kynna sér stærsta blakmót heims fyrir börn og unglinga, Power cup. Þar kepptu 8.500 ungmenni á 238 blakvöllum heila helgi. Mótið fór fram á knattspyrnuvöllum og á gervigrasi í knattspyrnuhöll.

Út frá þeirri ferð kviknaði sú hugmynd að UMSK stæði fyrir skólamóti í blaki. Kórinn verði fylltur af blakvöllum og öllum grunnskólum á UMSK svæðinu verði boðin þátttaka í stærsta blakmóti landsins. Byrjað er að undirbúa verkefnið og munu 1.500 (áætlun) skólakrakkar í 4.-7. bekk spila blak frá morgni til kvölds miðvikudaginn 9. mai.

Biathlon (Tvíþraut)

Sambandi hefur fest kaup á búnaði til að stunda tvíþraut (biathlon). Tvíþraut eða „summer biathlon“ er grein sem hefur verið að ryðja sér til rúms og notið mikilla vinsælda erlendis. Íþróttin er eins og skíðaskotfimi nema í staðin fyrir að ganga á skíðum þá er hlaupið eða hjólað.

UMSK 95 ára

Þann 19. nóvember var UMSK 95 ára. Fjögur félög stóðu að stofnun sambandsins þ.e. Ungmennafélagið Drengur í Kjós, Ungmennafélagið Afturelding, Ungmennafélag Reykjavíkur og Ungmennafélag Miðnesinga Sandgerði. Stofnþingið var haldið í Reykjavík og fyrstu stjórn sambandsins skipuðu Guðbjörn Guðmundsson formaður, Guðrún Björnsdóttir ritari og Þorlákur Björnsson gjaldkeri.

Ekki var haldið uppá afmælið en boðið var uppá kaffi og tertu fyrir samstarfsfólk í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ hafa verið haldin árlega um verslunarmannahelgi frá árinu 1992. Mótin hafa vaxið og sannað gildi sitt sem glæsilegar fjölskyldu- og íþróttahátíðir þar sem saman koma

þúsundir barna og unglinga ásamt fjölskyldum sínum og taka þátt í fjölbreyttri dagskrá.

Unglingalandsmót UMFÍ er vímuefnalaus fjölskylduhátíð þar sem börn og unglingar á aldrinum 11–18 ára reyna með sér í fjölmörgum íþróttagreinum en samhliða er boðið upp á fjölbreytta afþreyingu, leiki og skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Unglingalandsmótin hafa hvarvetna vakið mikla athygli og þeir fjölmörgu sem þau hafa sótt hafa verið öðrum til mikillar fyrirmyndar með allri framkomu hvort sem er í keppni eða leik. UMSK hefur undanfarin ár niðurgreitt þátttökugjald keppenda af UMSK svæðinu. Um tvöhundruð keppendur tóku þátt á mótinu 2017 sem haldið var á Egilsstöðum.

Næsta Unglingalandsmót UMFÍ fer fram 2.- 5. ágúst 2018 í Þorlákshöfn.

Landsmót UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ 50+ er blanda af íþróttakeppni og annarri keppni, hreyfingu og því að fá fólk á besta aldri til að hafa gaman saman. Mótið er öllum opið sem verða 50 ára á árinu og eldri.
Landsmót UMFÍ 50+ var fyrst haldið árið 2011 á Hvammstanga. 2017 var mótið haldið í Hveragerði og tókst einstaklega vel. Fleiri og fleiri eru að uppgötva þessi mót og hefur þátttaka aukist hægt og sígandi.
Næsta Landsmót UMFÍ 50+ fer fram á Sauðárkróki 13. - 15. júlí samhliða Landsmóti UMFÍ.

Forseti ÍSÍ í heimsókn

Forseti ÍSÍ, Lárus Blöndal, kom í heimsókn á UMSK svæðið í mars. Tekið var á móti honum og fylgdarliði í hinum glæsilega golfskála GKG í Garðabæ. Formaður UMSK, Valdimar Leó Friðriksson, bauð gesti velkomna og kynnti starfsemi sambandsins. Viðstaddir voru fulltrúar aðildarfélaga ásamt íþróttafulltrúum bæjarfélaganna sem voru með kynningu á uppbyggingu íþróttamannvirkja i hverju bæjarfélagi fyrir sig.

Fræðslumál

Sambandið studdi við og styrkti ýmiskonar námskeið á árinu. Sérstök áhersla var á Sýnum karakter verkefnið. Stutt var við einstök námskeið sem félögin stóðu fyrir og sambandið bauð einnig uppá námskeið sem félögin gátu fengið til sín þeim að kostnaðarlausu.
Aldrei hafa fleiri þjálfarar fengið styrk til að sækja sér menntunar út fyrir landsteinana eða fjórtán þjálfarar. Hægt er að sækja um styrk til UMSK og svo hefur Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ styrkt lík námskeið á móti.

Starfsskýrslur

Samkvæmt 8. grein í lögum ÍSÍ skulu allir sambandsaðilar, íþróttafélög, íþróttahéruð og sérsambönd skila inn skýrslu eigi síðar en 15. apríl ár hvert. Skýrslunum skal skila í Felix - félagakerfi íþróttahreyfingarinnar www.felix.is.
Í starfsskýrslum eru upplýsingar um félagsmenn, iðkendur eftir íþróttagreinum, stjórnarmenn og lykiltölur úr ársreikningi. Haldið er utan um þessar upplýsingar fyrir hvert ár. Þannig er hægt að vinna tölfræði úr þessum gögnum og gera samanburð milli ára. Upplýsingarnar eru m.a. mælikvarði á stærð og þróun íþróttagreina og héraða og hefur áhrif á fulltrúafjölda á þingum og úthlutun á Lottói.
Mikilvægt er að standa við dagsetningu skilafrests og viljum við hvetja menn til þess.

Ferð til Danmerkur

UMSK bauð framkvæmdastjórum stóru hverfafélaganna á landsmót dönsku ungmennafélaganna (DGI) síðast liðið sumar. Tilgangur ferðarinnar var að kynnast því hvernig frændur okkar halda stór íþróttamót þar sem þátttaka er aðal markmiðið. Eins vildum við sjá hvernig þeir nýta óhefðbundnar íþróttir til að ná til fleiri með það í huga að auka hreyfingu allrar þjóðarinnar. Ferðin var í alla staði vel heppnuð og eru tengingar sem myndast í svona ferðum oft ómetanlegar og koma eflaust til með að auka samstarf og samvinnu félaganna í framtíðinni.

www.getraunir.is

Getraunir
Skemmtilegur leikur – fyrirhafnarlítil fjáröflun

Íslenskar getraunir er fyrirtæki í eigu íþróttahreyfingarinnar og rennur allur arður frá fyrirtækinu í sjóði íþróttahreyfingarinnar. Reksturinn byggist á tveimur leikjum. Annarsvegar Lengjunni þar sem tipparar geta tippað á úrslit leikja, úrslitin í fyrri hálfleik, hvaða leikmaður gerir næsta mark osfrv. Hinsvegar er það sala getraunaseðla þar sem tipparar tippa á 13 leiki og geta unnið tugi milljóna króna nái þeir að tippa á alla leikina rétta. 10, 11 og 12 leikir réttir gefa líka vinning.

Íslenskar getraunir hafa látið hanna tölvukerfi sem gerir íþróttafélögum kleift að selja getraunaseðla til sinna stuðningsmanna og velunnara. Kerfið er afar einfalt í notkun. Í sinni einföldustu mynd þá safna umsjónarmenn kerfisins stuðningsmönnum saman í getraunahóp, þar sem hver og einn leggur ákveðna upphæð í sameiginlegan pott, stundum kallaður húspottur. Sú upphæð gæti t.d. verið 1.000 krónur, má vera meira og má vera minna og stendur t.d. í 10 vikur.

Ef 20 einstaklingar taka þátt með 1.000 krónum hver, þá á húspotturinn 20.000 krónur á viku til að tippa fyrir og þannig er hægt að velja gott kerfi á seðilinn sem eykur möguleika á vinningi. Ef vinningur kemur á getraunaseðilinn sér kerfið um að láta þátttakendur í húspottinum vita og skiptir honum á milli þeirra. Íþróttafélagið fær 26% af upphæðinni sem tippað er fyrir í sinn hlut frá Getraunum.

Það að tippa á getraunaseðil er einföld og fyrirhafnarlítil fjáröflunarleið fyrir íþróttafélögin. Jafnframt er það skemmtilegur leikur sem getur gefið möguleika á ágætum vinningum.

Starfsfólk Íslenskra getrauna er boðið og búið að aðstoða í upphafi og kenna á tölvukerfið.

Lottótekjur UMSK

UMSK fær tekjur úr Lottói bæði frá UMFÍ og ÍSÍ.
Lottóinu er síðan deilt út til félaganna eftir ákveðnum reglum.

Lottoreglur UMSK eru eftirfarandi:

1. 14% renna til sambandsins
2. 7% renna til Afrekssjóðs UMSK
3. 79% renna til aðildarfélaga samkvæmt eftirfarandi skiptingu (skipt upp í 100%):

– Þeim 79% sem koma í hlut félaganna er fyrst skipt eftir íbúafjölda sveitarfélaganna á sambandssvæðinu m.v. íbúaskrá 1. desember ár hvert og síðan innbyrðis innan sveitarfélaganna eftir iðkendafjölda félaganna m.v. upplýsingar í FELIX.
– Iðkendur hafi mismikið vægi eftir aldri þegar kemur að útreikningi hlutar hvers félags, þannig hafi iðkendur 5 ára og yngri stuðulinn (1), iðkendur 6–12 ára stuðulinn (3), iðkendur 13 – 18 ára stuðulinn (5), iðkendur 19 – 24 ára stuðulinn (3) og iðkendur 25 ára og eldri stuðulinn (1).

Tekjur af Lottóin hafa verið að aukast ár frá ári og árið 2017 námu þær 80.948.064.
Til sambandsins runnu 11.332.729, í Afrekssjóðinn 5.666.364 og hlutur félaga 63.411.425

Skipting Lottó

Lottó 2017 eftir bæjarfélögum



Listi yfir úthlutun til félaga 2017:

GKG	2.871.239	Breidablik	10.080.106	Hjólamenn	44.490	Kraft Mos	47.950
Sprettur	2.091.282	HK	10.910.598	Stálúlfur	138.744	Grótta	3.604.193
UMFB	849.080	Ýmir	311.471	Ísbjörninn	11.340	Skylm.Seltj.	91.124
Stjarnan	10.358.527	Gerpla	4.109.197	Stormur	21.809	GN	703.206
GÁ	179.652	DÍK	1.247.976	Falkar	0	Zetor	31.206
Oddur	1.231.197	Gáski	0	Boginn	702.178	Hnefaleikaf.	332.514
Sóti	271.629	Skotf. Kóp	145.684	Vatnaliljur	70.661	Krían	44.364
KFG	39.822	TFK	1.489.812	Aftureldingu	6.850.595	Drengur	0
TFG	383.168	Augnablik	71.331	Golfkl . Mos	1.275.943	Örninn	44.490
Júdó Garð	142.375	ÍAK	60.595	Riddarinn	64.162	Lyftingaf. Kópav.	60.255
Skínandi	10.637	Glóðin	193.892	Hörður	1.063.346	Lyftingaf. Garð.	55.922
Adam	220.024	Hvönn	1.094.125	Motom	327.058	Krikketf. Kóp.	0

Forvarnadagurinn – erum á réttri leið

Forvarnardagurinn er haldinn á hverju hausti í því sem næst öllum grunnskólum landsins og er beint sérstaklega að unglingum í 9. bekk en einnig taka fjölmargir framhaldsskólar þátt í þessu verkefni. Að deginum standa forseti Íslands, Reykjavíkurborg, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Skátarnir, Ungmennafélag Íslands, Félag framhaldsskóla, Rannsóknir og greining og Samband íslenskra sveitarfélaga en Actavis er bakhjarl verkefnisins.

Rannsóknir sýna að þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi hefur jákvæð áhrif á neyslu áfengis, tóbaks og annara vímuefna. 79% nemenda í 10 bekk segjast aldrei hafa drukkið sem er frábær árangur frá 1997 þegar 37% nemenda sögðust aldrei hafa drukkið. Þátttaka í íþróttum og samvera með fjölskyldunni eru talin eiga stærstan þátt í þessum árangri.

Þjónustumiðstöð UMSK

Skrifstofa sambandsins er að Engjavegi 6 Reykjavík (Íþróttamiðstöðinni Laugardal). Framkvæmdastjóri er Valdimar Gunnarsson. Þar er daglegum rekstri sambandsins stýrt sem m.a. felst í að aðstoða aðildarfélögin við ýmis mál og viljum við að aðildarfélög okkar geti litið á skrifstofuna sem þjónustumiðstöð UMSK frekar en hefðbundna skrifstofu.

Sími á skrifstofunni er 514 4090/894 8503 og netfang umsk@umsk.is og heimasíða www.umsk.is.

Íþróttasjóður ríkisins

Úthlutað er einu sinni á ári úr Íþróttasjóði. Umsóknafrestur er til 1. október. Í fyrra var úthlutað 9.8 milljónum. Félög innan UMSK fengu 900.000 úr sjóðnum það ár.

Hvað styrkir sjóðurinn?

Veita má framlög til eftirfarandi verkefna á sviði íþrótta;

1. Sérstakra verkefna íþróttafélaga og samtaka þeirra sem miða að því að bæta aðstöðu til íþróttaiðkana.
2. Útbreiðslu- og fræðsluverkefna og skal einkum lögð áhersla á verkefni sem uppfylla einhver eftirfarinna skilyrða;
   a. Stuðla að nýsköpun og eflingu íþróttastarfs fyrir börn og unglinga
   b. Eflingu þekkingar þjálfara og leiðbeinenda í íþróttastarfi
   c. Auka gildi íþróttastarfs í forvörnum
   d. Auka veg og virðingu íþróttastarfs í samfélaginu
   3. Íþróttarannsókna
   4. Verkefnum samkvæmt 13. gr. Íþróttalaga

Eftirfarandi félög innan UMSK fengu styrk úr sjóðnum 2017:

Breiðabliks	krakkafrjálsar	100.000
HK	boltauppgjafavél	100.000
Gerpla	karlatvíslá	100.000
Kraft Mos	Áhöld	100.000
Afturelding	Sundfit	100.000
Afturelding	áhöld blakdeild	100.000
Afturelding	Handbolti áhöld	100.000
Stjarnan	Lendingardýna	200.000

Ferðasjóður

Ferðasjóður íþróttafélaga hefur fengið árlegt framlag á Fjárlögum Alþingis, allt frá árinu 2007, til úthlutunar til íþrótta- og ungmennafélaga í landinu vegna keppnisferða innanlands. Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands var falin umsjón á útreikningi og úthlutunum úr sjóðnum.

Styrkjum er úthlutað eftirá, í febrúar hvers árs, vegna keppnisferða ársins á undan.

Öll íþrótta- og ungmennafélög innan vébanda ÍSÍ geta sótt um styrk úr sjóðnum.

Yfirlit yfir félög innan UMSK sem fengu úr sjóðnum 2017 (fyrir árið 2016):

GKG	46.129
Ísbjörninn	51.159
Gerpla	76.557
Stálúlfur	115.261
Grótta	723.155
Afturelding	1.168.367
Breiðablik	1.273.736
Stjarnan	1.618.507
HK	1.618.533
Samtals til aðildafélaga UMSK	**6. 691.404**

Afreksmannasjóður

Úthlutað er úr Afreksmannasjóð UMSK þrisvar sinnum á ári. Hægt er að sækja um styrk fyrir þátttöku í viðurkenndum mótum og einnig er hægt að sækja um þjálfarastyrk til að sækja námskeið erlendis. Í fyrstu tveimur úthlutunum var úthlutað kr. 25.000 á einstakling en vegna sprengingar í fjölda umsókna þá varð að lækka styrkinn niður í 20.000 í síðustu úthlutuninni. Líklegt er að það verði sú upphæð sem gera má ráð fyrir að umsækjendur fái á þessu ári. Alls voru 277 einstaklingar styrktir á árinu.

Þjálfarastyrkurinn hefur verið kr. 50.000.

Gaman er að sjá hve félögin okkar eru að ná langt í mörgum íþróttum en sjóðurinn styrkir einungis mót af ákveðnum styrkleika (NM, EM, HM og Olympiuleika).

Sjóðurinn styrkti þátttakendur til keppni í 15 íþróttagreinum þ.e. fimleikum, dansi, handbolta, hnefaleikum, blaki, tennis, judo, karate, kraftlyftingum, körfu, Taikwondo, frjálsum, knattspyrnu, skotfimi og golfi.

Afrekssjóður % pr. félag



Þjálfarastyrkir pr. félag



Formannafundur ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ var haldinn í Laugardalshöll í Nóvember. Formaður og framkvæmdastjóri mættu á fundinn fyrir hönd UMSK.

Söguritun

Jón M. Ívarsson hefur skrifað sögu fyrstu fjörutíu ára sambandsins. Jón þurfti því miður að segja sig frá verkinu og hefur verið samið við Bjarka Bjarnason um að klára söguna en sambandið verður 100 ára 19. nóvember 2022.

Stjórnarfundir

Á starfstímabilinu hefur stjórnin haldið 10 stjórnarfundi sem yfirleitt eru haldnir á skrifstofu sambandsins í Íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Sambandsþing UMFÍ

Sambandsþing UMFÍ var haldið á Hallormsstað í október. UMSK átti sextán fulltrúa á þinginu sem tóks í alla stað vel en stærsta mál þingsins var innganga íþróttabandalaga í UMFÍ sem var naumlega felld. Fjórir stjórnarmenn af UMSK svæðinu voru kosnir í stjórn og varastjórn UMFÍ. Þetta eru þau Larus B. Lárusson Gróttu, Guðmundur Sigurbergsson Breiðabliki, Jóhann Steinar Ingimundarson Stjörnunni og Helga Jóhannesdóttir Aftureldingu.

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ úthlutun 2017

Félög innan UMSK fengu úthlutað á árinu 2017 kr. 4.034.500 úr sjóðnum.

Eftirfarandi verkefni fengu styrk:

Taekwondodeild Aftureldingar UMSK Sjálfsvarnarnámskeið kvenna	75.000
Fimleikadeild Stjörnunar UMSK Þjálfaranámskeið 1C FSÍ	67.500
Fimleikadeild Stjörnunar UMSK Þjálfaranámskeið 1A FSÍ	82.750
Fimleikadeild Stjörnunar UMSK Dómaranámskeið kvenna E-réttindi	60.000
Fimleikadeild Stjörnunar UMSK Fræðsludagur FSÍ	36.750
Umf. Stjarnan UMSK Leiðtogaþjálfun fyrir stjórnendur	50.000
Umf. Stjarnan UMSK Sjálfstyrkingarnámskeið	75.000
Dansfélagið Hvönn UMSK Þjálfunarbúðir	100.000
Fimleikadeild Stjörnunar UMSK Þjálfunarnámskeið UEG Teamgym Training	50.000
Knattspyrnudeild Breiðabliks UMSK Námskeið í Póllandi UEFA Youth league	50.000
Körfuknattleiksdeild Breiðabliks UMSK Þjálfunarnámskeið	150.000
Umf. Stjarnan UMSK Námskeið/fræðsla um íþróttasálfræði fyrir þjálfara	50.000
Umf. Stjarnan UMSK Fræðsla um íþróttasálfræði fyrir iðkendur	50.000
Knattspyrnudeild Stjörnunnar UMSK – forvarnir með sjúkraþjálfara	75.000
Umf. Stjarnan UMSK Fræðsludagur	75.000
Knattspyrnudeild Breiðabliks UMSK Þjálfarnámskeið KSÍ stig 1V	80.000
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Hópþjálfaranámskeið UEG á Ítalíu	150.000
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Þjálfaranámskeið á Portugal	100.000
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Námskeið fyrir leiðbeinendur í Krílafimleikum	22.500
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Dómaranámskeið áhaldafimleikum kvenna	60.000
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Þjálfaranámskeið FSÍ 1A	37.500
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Móttökunámskeið 1	10.000
Ungmennafélag Breiðabliks UMSK Aukin hreyfing eldri borgara – útbreiðsla	50.000
Knattspyrnudeild Stjörnunnar UMSK Þjálfaranámskeið fyrir aðstoðarþjálfara	37.500
Umf. Stjarnan UMSK Fræðsla um liðleika	75.000
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Þjálfarnámskeið 2B	75.000
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Þjálfaranámskeið FSÍ 1C	37.500
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Námskeið fyrir stjórnendur leikskólahópa	15.000
Umf. Stjarnan UMSK Endurmenntun þjálfara erlendis	50.000
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Þróunarverkefni – hópefli/sjálfsstyrking	250.000
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Fræðslufyrirlestur fyrir þjálfara	40.000
Frjálsíþróttadeild Aftureldingar UMSK Uppbyggingarstarf í frjálsum	125.000
Frjálsíþróttadeild Aftureldingar UMSK Þjálfaranámskeið ÍSÍ stig 1	12.500
Umf. Afturelding UMSK Starfsdagur Aftureldingar	150.000
Íþróttafélagið Grótta UMSK Fræðslufyrirlestur um næringarfræði	50.000
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Leiðtogaþjálfun fyrir stjórnendur	50.000
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Þjálfaramenntunar – hæsta stig	25.000
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Dómaranámskeið í áhaldafimleikum karla	65.000
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Dómaranámskeið í áhaldafimleikum karla	50.000
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Dómaranámskeið í áhaldafimleikum kvenna	50.000
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Þjálfaranámskeið ÍSÍ stig 1	50.000
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Fyrirlestur með íþróttanæringarfræðingi	25.000
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Námskeið með íþróttasálfræðingi	60.000
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Móttökunámskeið 1 FSÍ	5.000
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Þjálfaranámskeið FSÍ 1B	50.000
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Þjálfaranámskeið FSÍ 2A	20.000
Motomos UMSK Þjálfaranámskeið í MX og Enduro	75.000
Golfklúbbur Álftaness UMSK Golfnámskeið/átak fyrir börn og unglinga	100.000
Ungmennasamband Kjalarnesþings UMSK Þjálfararáðstefna í Gautaborg	150.000
Körfuknattl.deild Breiðabliks/UMSK UMSK Þjálfarabúðir í Bandaríkjunum	50.000
Dansíþróttafélag Kópavogs/UMSK UMSK Þjálfaranámskeið í Hollandi	40.000
Íþróttafélagið Gerpla/UMSK Starfsnám í afreksþjálfun áhaldafimleika kvenna í Bretlandi	50.000
Golfkl. Kópav. og Garðab./UMSK UMSK Þjálfaranámskeið í Austurríki	50.000
Júdófélag Garðabæjar/UMSK UMSK Þjálfaranámskeið OTC	20.000
Skotfélag Kópavogs UMSK Kynningarátak á skotfimi fyrir unglinga 15–18 ára	100.000
Körfuknattleiksd. Stjörnunnar/UMSK UMSK Þjálfaranámskeið í Danmörku	15.000
Taekwondodeild Breiðabliks/UMSK UMSK Þjálfara- og dómaranámsskeið í Svíþjóð	30.000
Frjálsíþróttadeild Breiðablik UMSK Fræðsluerindi um sálfræði og næringu	75.000
Sunddeild Umf. Stjörnunnar UMSK Skyndihjálparnámskeið fyrir þjálfara	40.000
Sunddeild Umf. Stjörnunnar UMSK Kynningarverkefni - Sund sem lífsstíll	50.000
Sunddeild Umf. Stjörnunnar UMSK Þjálfaranámskeið SSÍ	50.000
Umf. Stjarnan UMSK Fyrirlestrar um mikilvægi svefns og næringar	0.000
Knattspyrnudeild Breiðabliks UMSK Dómaranámskeið fyrir foreldra og yngri iðkendur	45.000
Knattspyrnudeild Breiðabliks UMSK Fyrirbyggjandi aðgerðir til að forðast álagsmeiðsli	75.000
Knattspyrnudeild Breiðabliks UMSK Leiðtogauppbygging	75.000
Handknattleiksfélag Kópavogs UMSK Fræðslu um álag og álagsstjórnun	50.000
Handknattleiksfélag Kópavogs UMSK Samfélagsmiðlar í íþróttastarfsemi HK	100.000
Handknattleiksfélag Kópavogs UMSK Foreldrafundar um verkefnið Sýnum Karakter	50.000

93. ársþing UMSK var haldið miðvikudaginn 22. febrúar 2017 kl. 18.00 í Kórnum í Kópavogi.

Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna og sagði meðal annars:

„Aðildarfélög UMSK telja í dag 50, þar af eru 6 fjölgreinafélög með 45 deildir, samtals 95 einingar. Félagsmenn eru 75.008 og þar af eru 31.510 iðkendur í 32 íþróttagreinum.
Á síðustu árum höfum við leitast við að færa starfið nær aðildarfélögunum og þjónusta þau. Spyrja félögin hvað UMSK geti aðstoðað þau með, leitast við að gefa þeim vítamínssprautu þegar við á eða fara í rannsóknarvinnu til að bæta starfið.
Afgangur varð af rekstri UMSK á síðasta ári og ákvað stjórnin að láta eina milljón króna af hagnaði renna til afrekssjóðs. Starf afrekssjóðs hefur eflst á síðustu árum og aldrei áður hefur verið úthlutað eins miklu og á síðasta ári, eða rúmum átta milljónum króna í styrki vegna þátttöku í mótum erlendis og til þjálfara aðildarfélaganna.
Formaður lagði fram tillögu að þingforseta, Margréti Friðriksdóttur, forseta bæjarstjórnar Kópavogs.

Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri stjórnar UMSK fór yfir ársreikning sambandsins.
Rekstrartekjur voru krónur **90.624.212**
og rekstrargjöld krónur **87.744.464.**
Hagnaður fyrir vexti er **2.879.748**
og hagnaður ársins var krónur **3.659.613**

Ávörp gesta

Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ ávarpaði þingið og sæmdi Kristján Jónatansson Breiðabliki gullmerki ÍSÍ.

Örn Guðnason, varaformaður Ungmennafélags Íslands ávarðað þingið og sæmdi **Eirík Mörk Valsson Breiðabliki silfurmerki UMFÍ og Björgu Jakobsdóttur, Breiðabliki gullmerki UMFÍ**.

Viðurkenningar á 93. ársþingi UMSK:

Starfsmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrir sambandið eða aðildarfélögin.

Eftirtaldir aðilar hlutu starfsmerki UMSK:

Romualdas Gecas, Stál-úlfi.
Goran Lukic, Stál-úlfi.
Björn Bergs, HK.
Einar Tómasson, HK.
Baldur Már Bragason, HK.
Hólmfríður Kristjánsdóttir, HK.
Laufey Guðmundsdóttir, HK.
Ásdís Jóna Karlsdóttir, Íþróttafélaginu Glóð.
Sigurbjörn H. Ólafsson, Íþróttafélaginu Glóð.
Margrét Hjálmsdóttir, Íþróttafélaginu Glóð.
Freyr Bjartmars, Íþróttafélaginu Glóð.
Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir, HK.

Silfurmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögin.

Eftirtaldir aðilar hljóta silfurmerki UMSK:

Alexander Arnarsson, HK.
Gunnþór Hermannsson, HK.
Karl Sigurðsson, HK.
Ragnar Ólafsson, HK.
Viggó Magnússon, HK.
Ásta B. Gunnlaugsdóttir, Breiðabliki.
Ólafur Björnsson, Breiðabliki.
Einar Sumarliðason, Breiðabliki.
Böðvar Örn Sigurjónsson, Breiðabliki.
Marteinn Sigurgeirsson, Breiðabliki.
Aldís Gunnarsdóttir, Hvönn.
Örvar Möller, Hvönn.
Eirikur Mörk, Breiðabliki.

Skipað í nefndir til starfa á þinginu og einnig uppstillinganefnd sem starfar á milli þinga

Þingforseti bar upp tillögu um þriggja manna uppstillinganefnd, sem kosið er eftir í fyrsta skipti nú þau Hannes Strange, Breiðablik sem formann, Hólmfríði Kristjánsdóttur HK og Ásu Þorsteinsdóttur Stjörnunni.

Kosnir fjórir í stjórn Afreksmannasjóðs
Ása Inga Þorsteinsdóttir, Gerplu, Bjarki Már Sverrisson, Aftureldingu, Kári Garðarsson, Gróttu og Laufey Guðmundsdóttur, HK.

Félög lögð niður skv 4. grein laga: Þríhjól og Siglingafélagið Sigurfari

Kosning stjórnar
Valdimar Leó Friðriksson, Aftureldingu var kjörinn formaður UMSK til tveggja ára.
Guðmundur Sigurbergsson, Breiðabliki og Magnús Gíslason, HK og voru þeir kosnir til næstu tveggja ára.
(Margrét Björnsdóttir og Lárus B. Lárusson sitja áfram, voru kosin til tveggja ára árið 2016).
Þorsteinn Þorbergsson, Stjörnunni, Helga Jóhannesdóttir, Aftureldingu og Sólveig Jónsdóttir, Gerplu.

Voru þau kjörin í varastjórn til eins árs.
Hafsteinn Pálsson, Aftureldingu og Kristján Sveinbjörnsson, Álftanesi og voru kjörnir endurskoðendur.

Umsókn nýs félags
Valdimar Leó Friðriksson fór yfir umsókn eins nýs félags að sambandinu, Knattspyrnufélagið Álafoss Mosfellsbæ. Þingið staðfesti umsóknina.

Skíðakona UMSK – Erla Ásgeirsdóttir
(Hallgrímur Davíð Björnsson tekur við viðurkenningu fyrir hennar hönd)

Íþróttakona UMSK – Fanney Hauksdóttir, Gróttu.
(Elín Smáradóttir tók við viðurkenningu fyrir hennar hönd)

Íþróttakarl UMSK
Dagfinnur Ari Normann, Stjörnunni.

Viðurkenning til afreksmanna á sviðum íþrótta- og félagsmála.

Frjálsíþróttabikar UMSK
Irma Gunnarsdóttir, Breiðabliki

Sundbikar UMSK
Huginn Hilmarsson, Breiðabliki

Dansbikar UMSK – Gylfi Már og María Tinna Hauksdóttir úr dansdeild HK

Fimleikabikar UMSK
Kolbrún Þöll, Stjörnunni

UMFÍ bikar
Kvennalið Aftureldingar í blaki

Félagsmálaskjöldur
Algirdas Slapikas, Stál-úlfi

Afrekaskrá í frjálsum íþróttum

Konur

Grein	Árangur	Nafn	Félag	Ár
60 m	7,7 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	1984
80 m	10,1 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	1984
100 m	11,79 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	1985
200 m	24,30 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	1985
300 m	41,2 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	1984
400 m	55,1 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	1987
800 m	2.06,22 mín	Hrönn Guðmundsdóttir	Breiðablik	1982
1000 m	3.01,2 mín	Ragnhildur Pálsdóttir	Stjarnan	1973
1500 m	4.22,95 mín	Fríða Rún Þórðardóttir	Afturelding	1991
1 míla	4.58,99 mín	Fríða Rún Þórðardóttir	Afturelding	1995
3000 m	9.31,0 mín	Fríða Rún Þórðardóttir	Afturelding	1993
5000 m	16.52,96 mín	Fríða Rún Þórðardóttir	Afturelding	1995
1/2 maraþon	1.32.59 kl.st.	Fríða Bjarnadóttir	Breiðablik	1986
Maraþon	3.34.30 kl.st.	Fríða Bjarnadóttir	Breiðablik	1986
100 m gr.hl.	14,11 sek	Guðrún Arnardóttir	Breiðablik	1990
300 m gr.hl.	43,78 sek	Stefanía Valdimarsdóttir	Breiðablik	2010 (isl)
400 m gr.hl.	60,86 sek	Stefanía Valdimarsdóttir	Breiðablik	2013
Kúluvarp	13,91 m	Erna Sóley Gunnarsdóttir	Aftureldingu	2017
Kringlukast	36,18 m	Kristín Karlsdóttir	Breiðablik	2013
Spjótkast	46,46 m	Irma Gunnarsdóttir	Breiðabliki	2017
Sleggjukast	51,25 m	Aðalheiður M. Vigfúsdóttir	Breiðablik	2008
Langstökk	5,85 m	Sigurbjörg Ólafsdóttir	Breiðablik	2006
Þrístökk	11,43 m	Guðrún Arnardóttir	Breiðablik	1991
Hástökk	1,75 m	Íris Jónsdóttir	Breiðablik	1978
Stangastökk	4,15 m	Vala Flosadóttir	Breiðablik	2004

Grein	Árangur	Nafn	Félag	Ár
Fimmtarþr.	3291 stig (16.0 – 5.16 – 8.59 - 1.50 – 26,6)	Kristín Björnsdóttir	Breiðablik	1972
Sjöþraut	5127 stig (15,12-1,50-13,10-25,67-5,33-43,63, 2:26,94)	Irma Gunnarsdóttir	Breiðablik	2017
4×100 m boðhlaup	48,04 sek	Sveit UMSK (Inga Úlfsdóttir, Guðrún Arnardóttir, Svanhildur Kristjánsdóttir, Berglind Erlendsdóttir)	Breiðablik	1987
4×200 m boðhlaup	1.54,1 mín	Sveit UMSK	Breiðablik	1978
4×400 m boðhlaup	3.58,47 mín	Sveit Breiðabliks (Helga K. Harðard., Herdís H. Arnalds, Arndís m. Einarsdóttir, Stefanía Valdimars.)	Breiðablik	2007
3x800 m.boðhlaup	7.10,662.15,8 mín	Sveit Breiðabliks (Árný H. Helgad., Helga k. Harðard., Herdís H. Arnaldsd.)	Breiðablik	2005
1000 m. boðhlaup		Sveit UMSK (Inga Úlfsd., Guðrún Arnard., Svanhildur Kristjánsd., Berglind Erlendsd.)		1987

Afrekaskrá í frjálsum íþróttum

Karlar

Grein	Árangur	Nafn	Félag	Ár
100 m	10,77 sek	Björgvin Brynjarsson	Breiðablik	2017
200 m	21,71 sek	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2003
300 m	34,44 sek	Egill Eiðsson	Breiðablik	1994
400 m	48,42 sek	Erlingur Jóhannsson	Breiðablik	1985
800 m	1.48,83 mín	Erlingur Jóhannsson	Breiðablik	1987(Ísl)
1000 m	2.26,86 mín	Björn Margeirsson	Breiðablik	2003
1500 m	3.47,61 mín	Björn Margeirsson	Breiðablik	2003
1 míla	4.24,0 mín	Þórður Guðmundsson	Breiðablik	1965
2000 m	5.53,6 mín	Þórður Guðmundsson	Breiðablik	1965
3000 m	8.10,29 mín	Kári Steinn Karlsson	Breiðablik	2010
3000 m hind.	9.11,84 mín	Stefán Guðmundsson	Breiðablik	2010
2 mílur	10.02,6 mín	Erlingur Þorsteinsson	Stjarnan	1974
5000 m	14.01,99 mín	Kári Steinn Karlsson	Breiðablik	2010(Ísl)
10000 m	29.28,05 mín	Kári Steinn Karlsson	Breiðablik	2008(Ísl)
20000 m	1.11.56,4 kl.st.	Gunnar Snorrason	Breiðablik	1971
25000 m	1.35.43,2 kl.st.	Gunnar Snorrason	Breiðablik	1971
Klukkust.hl.	16.735 m	Gunnar Snorrason	Breiðablik	1971
1/2 mar.hl.	1:05:35 kl.st.	Kári Steinn Karlsson	Breiðablik	2011
Maraþ.hlaup	2:17:12 kl.st.	Kári Steinn Karlsson	Breiðablik	2011
110 m gr.hl.	14,29 sek	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2002
200 m gr.hl.	27,4 sek	Trausti Sveinbjörnsson	Breiðablik	1970
400 m gr.hl.	53,52 sek	Egill Eiðsson	Breiðablik	1993
Langstökk	7,85 m	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2003
Þrístökk	15,16 m	Karl Stefánsson	Breiðablik	1971
Hástökk	2,04 m	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2002
Stangarst.	4,90 m	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2002
Kúluvarp	19,31 m	Pétur Guðmundsson	Breiðablik	1987
Kringlukast	62,34 m	Magnús Aron Hallgrímsson	Breiðablik	2003
Spjótkast,ný	77,28m	Sindri Hrafn Guðmundsson	Breiðablik	2014
Sleggjukast	63,68 m	Jón Sigurjónsson	Breiðablik	1993
Lóðkast	18,59 m	Jón Sigurjónsson	Breiðablik	1993
Fimmtarþr.	3565 stig (7,22 – 52,92 – 22,94 – 34,36 – 4:32,96)	Halldór Lárusson	Afturelding	2005

Grein	Árangur	Nafn	Félag	Ár
Tugþraut	8390 stig (10.8 – 7,33 – 15.17 – 2,04 – 49.60 – 14,29, – 47,21 – 4,80 – 63.05 – 4:53.02)	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2002
4×100 m boðhlaup	42,19 sek	Sveit UMSK (Hörður Gunnars., Kristján Friðjónss., Egill Eiðsson,Ingi Þór Hauks.)	Breiðablik/UMFA	1995
4×200 m boðhlaup	1.28,43 mín	Sveit UMSK (Hörður Gunnars., Kristján Friðjónss., Egill Eiðsson, Ingi Þór Hauks.)	Breiðablik/UMFA	1994(Ísl)
4×400 m boðhlaup	3.24,4 mín	Sveit UMSK (Sigurjón Valmunds., Einar Gunnarss., Hannes Hrafnkelss., Guðmundur Sigurðss.)	Breiðablik	1986
4 x 800 m boðhlaup	8.17,65 mín	Sveit UMSK (Kari Logason, Ólafur Margeirs. Bergur Hallgríms., Stefán Guðmunds.)	Breiðablik	2005
1000m boðhlaup	1.56,66 mín	Sveit UMSK) (Hörður Gunnars., Kristján Friðjónss., Egill Eiðsson, Ingi Þór Hauks.	Breiðablik/UMFA	1995
1500m Boðhlaup	3.19,61 mín	Sveit Breiðabliks (Magnús V. Gíslas., Róbert Michels., Andri Karls., Björn Margeirs.)	Breiðablik	2003

87
KTM
FACTORY

Fréttapunktar frá UMFÍ 2017

CoreData

UMFÍ og AZAZO gerðu í janúar samning um notkun á hugbúnaðinum AZAZO CoreData til að halda utan um öll gögn hreyfingarinnar, bæta verkefnastýringu og fundarhöld. Samningurinn var gerður í framhaldi af stefnumótunarvinnu UMFÍ enda snýr hann að framtíðarsýn hreyfingarinnar. Innleiðingu á kerfinu er lokið og á nú öll skjalavinnsla sér stað í CoreData. Með kerfinu getur UMFÍ haft betri stjórn á öllum gögnum hreyfingarinnar, haft skýrari verkferla, fundarhöld verða markvissari og þekkingaryfirfærsla er tryggð. Utanumhald móta og viðburða á vegum hreyfingarinnar verður einnig auðveldara og gagnsærra. Nokkrir sambandsaðilar UMFÍ hafa þegar tekið kerfið í notkun.

Ungt fólk til áhrifa

UMFÍ leggur áherslu á að efla lýðræðislega þátttöku ungs fólks í leik og starfi og sterka sjálfsmynd einstaklingsins svo hann geti tekið upplýstar ákvarðanir um eigin lífsstíl. Dagana 5. - 7. apríl var ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði haldin í áttunda sinn á Hótel Laugarbakka í Miðfirði. Yfirskrift ráðstefnunnar var Ekki bara framtíðin - Ungt fólk, leiðtogar nútímans. Ungmennaráð UMFÍ hafði veg og vanda að ráðstefnunni en jafnframt komu Ungmennasamband Vestur-Húnvetninga (USVH), Sveitarfélagið Árborg og Húnaþing vestra að undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar. Heildarfjöldi þátttakenda var um 70 manns, blanda af ungmennum á aldrinum 16 – 25 ára sem starfa í ungmennaráðum víðsvegar um landið.

Næsta ráðstefna fer fram 21. – 23. mars á Hótel Borealis, Selfossi.

Haustið 2016 hlaut UMFÍ styrk frá Evrópu unga fólksins (EUF) til þess að fara af stað með verkefni undir heitinu Umræðupartý UMFÍ. Markmið og tilgangur verkefnisins er að fá fólk saman, bæði þá sem stýra og stjórna innan ungmennafélagshreyfingarinnar og ungt fólk sem starfið er hugsað fyrir. Einnig er markmið með verkefninu að gefa ungu fólki tækifæri til þess að koma sínum skoðunum á framfæri og hafa skoðun á því hvernig UMFÍ vinnur með verkefni sem hugsuð eru fyrir ungt fólk. Verkefnið stendur frá 1. ágúst 2016 til 31. júlí 2018. Næsta umræðupartý fer fram föstudaginn 2. febrúar nk. í Egilshöllinni Grafarvogi.

Vorfundur UMFÍ

Vorfundur UMFÍ var haldinn laugardaginn 20. maí í félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli. Á fundinum flutti markþjálfinn og íþróttakennarinn Jón Halldórsson erindi um leiðtoga og sterka sjálfsmynd einstaklinga. Í erindinu sagði hann m.a. að sé vilji til þess að ná árangri sem hópur þá verði að vinna með styrkleika einstaklinga í hópnum en ekki miða út frá veikleikum þeirra. Jón lýsti því m.a. hvernig fólk leitar oftast að veikleikum sínum og reyni að vinna í því að bæta þá. Það ætti ekki að gera heldur vinna með styrkleikana.

Hreyfivika UMFÍ

Hreyfivika UMFÍ fór fram dagana 29. maí – 4. júní. Alls voru um 150 boðberar víðs vegar um landið sem stóðu fyrir um 490 viðburðum í 60 bæjarfélögum árið 2017. Áætlað er að um 43.000 þátttakendur hafi tekið þátt.

UMFÍ hefur frá árinu 2012 tekið þátt í evrópskri lýðheilsuherferð undir nafninu Now We Move. Hér á landi kallast herferðin Hreyfivika UMFÍ. Markmið verkefnisins er að fá hundrað miljónir fleiri Evrópubúa til að hreyfa sig reglulega fyrir árið 2020.

Í Hreyfivikunni leggja áhugasamir boðberar hreyfingar sitt af mörkum í nærumhverfi sínu til að fá fólk til að hreyfa sig. Þetta leiðir til þess að margar frumlegar og óhefðbundnar leiðir eru farnar. Dæmi um þetta er, samflot á Akranesi, jarðfræðiganga, ringó í Borgarnesi, plankaáskorun, fílafótbolti og hreyfipubquiz.

Hreyfivikan fer fram dagana 28. maí – 3. júní 2018.

7. Landsmót UMFÍ 50+ í Hveragerði

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið í Hveragerði dagana 23. – 25. júní 2017. Mótið var haldið í fyrsta sinn árið 2011 og var þetta því sjöunda mót UMFÍ fyrir 50 ára og eldri. Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK) var mótshaldari.

Mótið var sett við hátíðlega athöfn í íþróttahúsinu í Hveragerði. Heimamenn komu fram við setninguna. Tónlistarmaðurinn Magnús Þór Sigmundsson tók lagið og sýndi fimleikahópur listir sínar. Við setningu mótsins var keppt í línudansi. Eftirherman og skemmtikrafturinn Hjörtur Benediktsson var veislustjóri í sameiginlegum kvöldverði þátttakenda. Hljómsveitin Pass spilaði undir dansi.

Á mótinu var keppt í 18 greinum. Vinsælustu greinarnar voru sem fyrr boccía og pútt ásamt stígvélakasti. Áhorfendur höfðu mikinn áhuga á keppni í pönnukökubakstri og er dæmi um að fólk hafi komið langt að til að fylgjast með keppninni. Yngri keppendur á mótinu voru áhugasamir um throwdown, utanvegahlaup og þríþraut auk þess sem allir aldurshópar kepptu í ringó.

Þátttakendur á Landsmóti UMFÍ 50+ í Hveragerði voru rúmlega 500 sem er afspyrnu gott.

Stjórnendur UMFÍ á landsmóti Dana

Danmarks Gymnastik- og Idrætsforeninger (DGI) eru systursamtök UMFÍ í Danmörku. Mikil samvinna er á milli samtakanna og koma margar fyrirmyndir að verkefnum UMFÍ frá DGI. Í lok júní árið 2017 fór hópur fimmtíu sambandsaðila UMFÍ og fólks tengdu UMFÍ og sveitarstjórn Skagafjarðar í nokkurra daga ferð til Álaborgar að fylgjast með landsmóti DGI. Hópurinn hafði fylgst með undirbúningi landsmóts DGI um nokkurt skeið og var tilgangur ferðarinnar að fræðast frekar um mótið, ræða við stjórnendur DGI um þætti á borð við aðkomu sveitarstjórna og sjálfboðaliða að mótinu, keppendur, tengsl DGI og skipu-

leggjenda mótsins við fjölmiðla, skipulag þess og fleira sem skiptir máli við skipulagningu stórmóta.

20. Unglingalandsmót UMFÍ á Egilsstöðum

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina 2017. Þetta var 20. Unglingalandsmót UMFÍ. Mótshaldari var Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands (UÍA) og Fljótsdalshérað. Ómar Bragi Stefánsson var sem fyrr framkvæmdastjóri mótsins og sá hann um skipulagningu þess ásamt framkvæmdanefnd.
Mótið var sett föstudaginn 4. ágúst á Vilhjálmsvelli á Egilsstöðum. Viðstaddir voru Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Kristján Þór Júlíusson, þá mennta- og menningarmálaráðherra. Mótinu var svo slitið á sama stað að kvöldi 6. ágúst.
Keppendur voru 980 talsins á aldrinum 11 – 18 ára, 538 strákar og 442 stúlkur. Flestir keppendur voru 12 ára en fæstir 11 ára og 18 ára. Sem fyrr kepptu flestir í knattspyrnu, körfubolta og frjálsum íþróttum. Á síðasta degi mótsins var keppt í kökuskreytingum. Keppnin var nýlunda á mótinu og sló í gegn. Rúmlega 100 þátttakendur voru skráðir til keppni í kökuskreytingum.

Ungmenna- og tómstundabúðir UMFÍ á Laugum

UMFÍ hefur starfrækt Ungmenna- og tómstundabúðir á Laugum í Sælingsdal frá árinu 2005. Síðastliðinn vetur komu 1.600 nemendur úr 8. og 9. bekk grunnskóla frá öllu landinu í búðirnar. Þetta er eilítill samdráttur á milli ára. Hann skýrist m.a. af því að nemendur sumra skóla koma stundum bæði haust og vor sama árið en úr öðrum skólum koma nemendur annað hvert ár. Öðru máli gegnir um vorönnina nú. Hvorki fleiri né færri en 53 skólar hafa bókað dvöl í búðunum og verða nemendurnir um 2.000. Þeir hafa aldrei verið jafn margir og í ár.
Í Ungmenna- og tómstundabúðum UMFÍ spreyta ungmennin sig í fjölbreyttum verkefnum s.s. ræðumennsku, þrautabrautum, traustagöngu, hraðstefnumótum og laugaleikum. Í lok dvalar sögðust 91% ungmennanna hafa farið út fyrir þægindarammann og 90% töldu sig hafa fundið fyrir hvatningu frá liðsfélögum.

Forvarnardagurinn

Forvarnadagurinn er haldinn árlega að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við UMFÍ, Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Bandalags íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Árið 2017 fór dagurinn fram 4. október. Þetta var 11. árið sem forvarnardagurinn er haldinn.

Ánægjuvogin 2017

Ánægjuvogin er könnun á vegum UMFÍ og ÍSÍ og tekur púlsinn á stöðu íþróttastarfs, ánægju iðkenda og stöðu áfengis- og tóbaksnotkunar meðal ungmenna í 8. til 10. bekk um allt land. Ánægjuvogin er unnin upp úr rannsókninni Ungt fólk sem Rannsóknir og greining gerir. Könnun Ánægjuvogarinnar var lögð fyrir alla nemendur í 8. til 10. bekk á Íslandi í febrúar 2016. Niðurstöðurnar eru að meirihluti barna, sem stunda íþróttir einu sinni í viku eða oftar, er virkur í íþróttastarfi eða öðru skipulögðu tómstundastarfi og lætur áfengi og vímuefni að mestu í friði. Því fylgir aukin lífshamingja, ánægja og betri námsárangur ungmenna.

Fræðslu- og verkefnasjóður

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ hefur þann tilgang að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagshreyfingarinnar, m.a. með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi.
Úthlutað er úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ tvisvar á ári og hefur umsóknum frá sambandsaðilum og félagum UMFÍ fjölgað verulega á milli ára. Árið 2017 var 152 verkefnum úthlutað tæpum 14,7 milljónum króna.

UmhverfissjóðurUMFÍ

Umhverfissjóður var stofnaður árið 2002 til minningar um Pálma Gíslason sem var formaður UMFÍ frá 1979 til 1993 og ber sjóðurinn nafn hans. Veitt var úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 2008. Fyrstu styrkirnir úr Umhverfissjóði UMFÍ voru veittir við hátíðlega athöfn í júlí árið 2008. Árið 2017 var 950.000 krónum úthlutað til átta verkefna.

Skráningarkerfið NÓRI

Í maí 2017 innsigluðu UMFÍ og Greiðslumiðlun samning til fimm ára um notkunarrétt á skráningarkerfinu Nóra. Notkunarrétturinn nær til móta UMFÍ og hafa sambandsaðilar UMFÍ leyfi til að nota það. Samningurinn gerir UMFÍ kleift að skrá allt móta- og viðburðahald í framtíðinni auk þess sem sambandsaðilar UMFÍ geta fengið aðgang að kerfinu fyrir rekstur sinn. Samkvæmt samningnum mun Greiðslumiðlun, móðurfélag Nóra, hanna og skrifa skráningarkerfi fyrir landsmót UMFÍ og önnur mót og viðburði UMFÍ sem byggja á tengdum kerfum. UMFÍ notaði kerfið í fyrsta sinn á Landsmóti UMFÍ 50+ í Hveragerði í júní og gerði það aftur í aðdraganda Unglingalandsmótsins.

Æskulýðsvettvangurinn

Æskulýðsvettvangurinn er samstarfsvettvangur Ungmennafélags Íslands, Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagins Landsbjargar. Hlutverk Æskulýðsvettvangsins er að standa vörð um hagsmuni barna og ungmenna og stuðla að heilbrigðum, uppbyggjandi og vönduðum aðstæðum í æskulýðsstarfi.

Einelti og annars konar óæskileg hegðun er ekki liðin innan Æskulýðsvettvangsins. Því eru forvarnir og fræðsla um einelti, hatursorðræðu, ofbeldi og vanrækslu gegn börnum og ungmennum sem og mannréttindafræðsla á meðal verkefna Æskulýðsvettvangsins. Auk þess hefur Æskulýðsvettvangurinn unnið að því að fletta upp í sakaskrá fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða innan aðildarfélaganna og þrýst hefur verið á stjórnvöld að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að þeir sem hafa gerst sekir um kynferðisbrot geti ekki starfað með börnum og unglingum.

Æskulýðsvettvangurinn hélt ráðstefnuna Af hverju hataru mig svona mikið um miðjan september 2017. Ráðstefnan var vel sótt og sýndu fjölmiðlar henni mikla athygli.

Opni háskólinn

UMFÍ er einn af samstarfsaðilum opna háskólans um nám fyrir stjórnendur í þriðja geiranum. UMFÍ á einn fulltrúa í náminu. Það er Ragnheiður Sigurðardóttir, landsfulltrúi UMFÍ. Hún segir námið fróðlegt og gagnlegt fyrir stjórnendur í þriðja geiranum.

Sambandsþing UMFÍ í Hallormsstað

50. sambandsþing UMFÍ fór fram á Hótel Hallormsstað á Héraði í október 2017. Þingið fór vel fram og sátu það um 150 þingfulltrúar, stjórn UMFÍ og starfsfólk. Sambandsþing UMFÍ er haldið á tveggja ára fresti og er það æðsta valdið í málefnum UMFÍ.
Tímamót urðu á þinginu en þar skrifuðu þeir Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, og Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, undir samning um ríkisframlag til UMFÍ til næstu þriggja ára. Þetta er tímamótasamningur enda í fyrsta sinn sem stjórnvöld semja við félagasamtök í meira en eitt ár í senn. Kristján Þór sagði í ávarpi sínu í tengslum við undirskriftina í farvatninu að gera samninga við fleiri félagasamtök til þriggja ára því það gefi þeim færi á að skipuleggja sig betur til lengri tíma.

HSK
HSK

347
381

279

Fréttapunktar frá ÍSÍ

Heimsóknir forseta ÍSÍ til íþróttahéraða

Forseti ÍSÍ heimsótti á árinu 2017 starfssvæði Ungmennasambands Dalamanna og N-Breiðfirðinga (UDN), Héraðssambands Snæfellsness og Hnappadalssýslu (HSH), Ungmennasambands Kjalarnesþings (UMSK) og Héraðssambands Strandamanna (HSS). Fundað var með fulltrúum sambandanna og sveitarfélaganna. Forseti ÍSÍ, ásamt föruneyti, hefur heimsótt hin ýmsu íþróttahéruð víða um land síðustu þrjú árin. Á hverjum stað hefur forsetinn fundað með fulltrúum íþróttahreyfingarinnar og fulltrúum sveitarfélaga og kynnt sér íþróttastarfsemina ásamt uppbyggingu íþróttamannvirkja.

Formannafundur 2017

Formannafundur ÍSÍ var haldinn þann 17. nóvember í Laugardalshöllinni. Nú var í fyrsta sinn boðað til fundarins skv. breyttum lögum ÍSÍ en á 73. Íþróttaþingi ÍSÍ í maí 2016 var samþykkt að bæta framkvæmdastjórum sambandsaðila við sem þátttakendum á fundinum. Ríflega 100 manns sóttu fundinn.

Auk hefðbundinnar dagskrár fundarins lagði framkvæmdastjórn ÍSÍ fjögur mál fyrir fundinn. Þorvaldur Ingimundarson heilindafulltrúi KSÍ kynnti stöðu mála í baráttunni gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum, Vigfús Þorsteinsson formaður stýrihóps ÍSÍ og UMFÍ um Felix upplýsti fundinn um stöðuna á nýja Felix, félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni Afrekssjóðs, þær breytingar sem orðið hafa á regluverkinu og þá vinnu sem framundan vegna úthlutana úr sjóðnum og Ragnhildur Skúladóttir sviðsstjóri Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ kynnti verkefni ÍSÍ og UMFÍ sem ber heitið Betra félag.

Heiðurshöll ÍSÍ

Á 73. Íþróttaþingi ÍSÍ þann 5. maí var Jón Kaldal frjálsíþróttamaður útnefndur í Heiðurshöll ÍSÍ.

Á hófi Íþróttamanns ársins 2017, þann 28. desember, var Skúli Óskarsson kraftlyftingamaður útnefndur í Heiðurshöll ÍSÍ. Alls eru nú 17 einstaklingar í Heiðurshöllinni. Heiðurshöll ÍSÍ er á vefsíðu ÍSÍ og þar má finna umfjöllun um hvern og einn einstakling.

Ferðasjóður íþróttafélaga

Til úthlutunar í Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða á árinu 2017 voru 127 m.kr. en framlag ríkisins hækkaði um 30 m.kr. frá árinu 2016. Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþrótta- og ungmennafélaga á landsvísu hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna.

Fjármögnun sérsambanda

Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sérsambanda ÍSÍ og hafa sérsamböndin fengið árlegt framlag síðan. Sem fyrr er lögð áhersla á að vinna að því að hvert sérsamband fái til framtíðar framlag til að standa undir nauðsynlegri þjónustu við sambandsaðila með rekstri eigin skrifstofu. Styrkurinn fyrir árið 2017 var 95 m.kr. en framlag ríkisins hækkaði um 10 m.kr. frá árinu 2016.

Úthlutun styrkja úr Afrekssjóði ÍSÍ

Í júlí 2016 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um stóraukið fé til Afrekssjóðs ÍSÍ. Framlagið mun hækka í áföngum úr 100 m.kr. í 400 m.kr. fram til ársins 2019 og er því um fjórföldun að ræða. Samninguinn er afar mikilvægur fyrir íþróttastarf í landinu enda um byltingu fyrir afreksíþróttir að ræða. Í janúar 2017 var úthlutað til sérsambanda ÍSÍ um 150 m.kr. og síðar á árinu var úthlutað 100 m.kr. til viðbótar. Nánari úthlutun má sjá á vefsíðu Afreksíþróttasjóðs ÍSÍ á isi.is.

Ólympísk verkefni

Á árinu 2017 sendi ÍSÍ þátttakendur í þrjú ólympísk verkefni.

Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar fór fram í Erzurum í Tyrklandi 12. – 17. febrúar. Ísland átti keppendur í alpagreinum, skíðagöngu, listskautum og á snjóbretti. Keppendur á leikunum eru á aldrinum 14 til 18 ára, þátttökuþjóðir eru 34 og þátttakendur eru um 1200.

Smáþjóðaleikarnir fóru fram í San Marínó frá 29. maí til 3. júní. Tæplega 200 manns voru í íslenska hópnum, þar af 136 keppendur. Af keppendum voru 73 karlar og 63 konur. Ísland hafnaði í 3. sæti á verðlaunatöflunni með 60 verðlaun, þar af 27 gullverðlaun. Lúxemborg trónir á toppi töflunnar með 97 verðlaun, þarf af 37 gull. Kýpur var í 2. sæti með 83 verðlaun, þar af 30 gull.

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar fór fram í Györ í Ungverjalandi frá 23. til 29. júlí. Alls tóku 34 íþróttamenn þátt fyrir Íslands hönd, auk flokksstjóra, þjálfara, dómara og fararstjórnar.

Íþróttaslysasjóður

Iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSÍ geta sótt um endurgreiðslu

á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna lækniskostnaðar og kostnaðar vegna sjúkraþjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþrótta- og ungmennafélaga innan ÍSÍ. Hlutfall endurgreiðslu er nú 80%.

Ólympíufjölskylda

Að Ólympíufjölskyldu ÍSÍ standa fyrirtækin Arion banki, Icelandair, Sjóvá, Toyota og Valitor. Stuðningur fyrirtækjanna er afar mikilvægur en fyrirtækin koma á ýmsan hátt að verkefnum ÍSÍ, bæði almenningsíþróttaverkefnum og afreksíþróttastarfi.

Vefsíða og samfélagsmiðlar ÍSÍ

Slóðin á vefsíðu ÍSÍ er www.isi.is og er þar að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSÍ og sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, frétta og tilkynninga um viðburði í hreyfingunni. ÍSÍ er einnig á Fésbók (Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands) og Instagram og Snapchat undir isiiceland. ÍSÍ er einnig með Vimeo-síðu (https://vimeo.com/user33366809) og gefur út fréttir rafrænt á Issuu-síðu sinni (https://issuu.com/ithrotta-ogolympiusambandislands). Myndasíða ÍSÍ er sífellt í vinnslu, en þar er að finna bæði nýjar og gamlar myndir (http://myndir.isi.is/).

Felix - Félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ

Felix er miðlægt tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ og heldur utan um íþrótta iðkendur á Íslandi. Kerfið var fyrst tekið í notkun árið 2004 og er hannað af hugbúnaðarfyrirtækinu Idega. Nýtt og endurbætt kerfi var svo tekið í notkun snemma árs 2017 en við innleiðingu kom í ljós að kerfið var í raun ekki tilbúið til notkunar. Því var farið í gagngerar prófanir á kerfinu og uppfærslur og telst kerfið nú fullbúið. Íþróttafélög innan ÍSÍ og UMFÍ hafa beinan aðgang inn í kerfið í gegnum helstu vafra sem eru á markaðnum s.s. Microsoft Edge, Internet Explorer, Google Chrome og Safari. Kerfið fá sambandsaðilar til notkunar endurgjaldslaust og nýtist til að halda utan um daglega skráningu þátttakenda í íþróttastarfinu.

Forvarnardagur forseta Íslands

ÍSÍ kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnardagsins sem haldinn er ár hvert að frumkvæði forseta Íslands en með aðkomu ÍSÍ, UMFÍ, Bandalagi íslenskra skáta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Forvarnardagurinn 2017 var haldinn þann 4. október. Lesa má meira um verkefnið á www.forvarnardagur.is

Þróun og fræðsla

ÍSÍ hefur gefið út fræðsluefni um ýmsa þætti sem snúa að íþróttum og íþróttaþátttöku. Efnið má nálgast á vefsíðunni og í útprentuðum bæklingum á skrifstofunni. Á vefsíðunni er einnig að finna efni sem snýr

að forvörnum, siðareglur, viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum og fræðslu tengda Ólympíuhreyfingunni, svo að eitthvað sé nefnt.

ÍSÍ stóð fyrir fjölbreyttum fræðsluviðburðum og ráðstefnum á árinu, meðal annars í ljósi #metoo byltingarinnar fræðslufundi um forvarnir gegn kynferðislegu áreiti. Einnig var ÍSÍ í samstarfi við aðra, svo sem ÍBR í tengslum við Reykjavíkurleikana (RIG) og háskólana í landinu.

Sýnum karakter

ÍSÍ og UMFÍ standa saman að verkefninu Sýnum karakter. Verkefnið er hugsað sem verkfæri fyrir þjálfara til að hlúa að og efla andlega og félagslega þætti hjá börnum og unglingum. Mikilvægi þjálfarans er sett í fókus og einblínt með nýstárlegum hætti á þann jákvæða ávinning sem hlýst af íþróttaiðkun umfram líkamlega, s.s. áhugahvöt, félagsfærni, sjálfstraust, einbeitingu, leiðtogahæfni og markmiðasetningu. Heimasíða verkefnisins er www.synumkarakter.is.

Þjálfaramenntun

Þjálfaramenntun ÍSÍ fer fram í gegnum fjarnám. Fjarnám á 1. og 2. stigi hefur verið í boði þrisvar á ári, vorönn, sumarönn og haustönn

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og Fyrirmyndarhérað ÍSÍ

Fyrirmyndarfélög og fyrirmyndardeildir ÍSÍ eru í dag ríflega hundrað. Mörg félaganna eru stór deildaskipt félög og segja má að um þriðjungur íþróttaiðkenda iðki íþróttir innan fyrirmyndarfélaga ÍSÍ.

Á Íþróttaþingi árið 2015 var samþykkt tillaga þess efnis að íþróttahéruð geta nú sótt um viðurkenningu til ÍSÍ fyrir fyrirmyndarstarf. Ungmennasamband Eyjafjarðar fékk í nóvember afhenta viðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍSÍ, fyrst allra íþróttahéraða. Til að hljóta viðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍSÍ þarf að uppfylla ákveðnar kröfur til nokkurra aðalþátta í starfsemi íþróttahéraðsins.

Ólympíudagurinn

Alþjóðlegi Ólympíudagurinn er haldinn hátíðlegur um allan heim í júní ár hvert í tilefni af stofnun Alþjóðaólympíunefndarinnar. Markmiðið með deginum er að hreyfa, læra og uppgötva.

Almenningsíþróttir

Lífshlaupið fór fram í níunda sinn 1.–21. febrúar 2017. Þátttakendur voru 16.000 að þessu sinni.

Hjólað í vinnuna fór fram í fimmtánda sinn 3.–23. maí 2017. Þátttakendur voru 5721. 428.926 kílómetrar voru skráðir, sem samsvarar rúmum 320 hringjum í kringum Ísland. Verkefnið hefur frá upphafi hjálpað til við að breyta lífsstíl fjölda fólks sem nú hjólar í vinnuna allt árið um kring.
Kvennahlaupið fór fram 18. júní 2017. Um 10.000 þátttakendur voru í hlaupinu á 80 stöðum hér á landi og erlendis.
Göngum í skólann fór fram 6. september – 4. október 2017. 71 skólar tóku þátt að þessu sinni. Göngum í skólann er frábært verkefni fyrir grunnskóla til þess að bæta umferðaröryggi við skólana. Um leið og skólar hvetja nemendur til þess að ganga til og frá skóla þá minnkar umferðarþunginn við skóla.
Hjólum í skólann fyrir framhaldsskólanemendur fór fram í september. Markmið verkefnisins er að vekja athygli á virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta.

Lyfjamál

Alls voru tekin 151 sýni á árinu 2017, þar af 80 sýni í keppni eða um 53%. Lyfjapróf voru tekin í 17 íþróttagreinum og reyndust þrjú sýni jákvæð á árinu. Auk þessara sýna tók lyfjaeftirlitið 18 sýni fyrir aðila utan vébanda ÍSÍ, þar með talið erlenda aðila. Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ stendur fyrir námskeiðum og fjölbreyttri fræðslu í tengslum við málaflokkinn. Frekari upplýsingar um lyfjaeftirlit er að finna á lyfjaeftirlitsvef ÍSÍ, http://isi.is/lyfjaeftirlit/.

Starfsskýrslur ÍSÍ

Sambandsaðilar eru minntir á að skila þarf starfsskýrslu til ÍSÍ í gegnum Felix á hverju ári fyrir 15. apríl.

Íþróttakonur og íþróttamenn sérsambanda 2016

Þann 28. desember 2017 hélt ÍSÍ hóf sitt í Hörpu, þar sem val sérsambanda og íþróttanefnda ÍSÍ á íþróttakonum og íþróttamönnum ársins 2017 var tilkynnt. Við sama tækifæri var kjöri Samtaka íþróttafréttamanna á Íþróttamanni ársins 2017 lýst.

Líney Rut í stjórn EOC

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ var þann 24. nóvember kjörin í stjórn Evrópusambands Ólympíunefnda (EOC), fyrst Íslendinga. Líney Rut var kjörin í stjórnina til næstu fjögurra ára. Ein önnur kona verður í stjórn EOC næstu fjögur árin, Daina Gudzineviciute, forseti Ólympíunefndar Litháen. Líney Rut er vel þekkt innan EOC en hún hefur starfað í ýmsum nefndum og ráðum innan EOC og m.a. stýrt eftirlitsnefnd á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar.
Það er stór sigur fyrir íþróttahreyfinguna á Íslandi að eiga nú fulltrúa í æðstu samtökum Ólympíuhreyfingarinnar í Evrópu.

Norræna skólahlaupið

Norræna skólahlaupið er árlegt verkefni sem grunnskólum á Norðurlöndunum býðst að taka þátt í. Hlaupið var fyrst haldið 1984. ÍSÍ sér um framkvæmd verkefnisins á Íslandi. Verkefnið nýtur stuðnings ÍSÍ, Mjólkursamsölunnar og Evrópuráðsins og er haldið í samvinnu við Íþrótta- og heilsufræðifélag Íslands.

Íþróttavika Evrópu

Íþróttavika Evrópu (European Week of Sport) var haldin víðsvegar um álfuna, vikuna 23. – 30. september 2017. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands heldur utan um verkefnið. Markmið íþróttavikunnar er að kynna íþróttir og hreyfingu fyrir almenningi í Evrópu og er hún ætluð öllum óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Sérstök áhersla er lögð á að höfða til grasrótarinnar og að hvetja Evrópubúa til að sameinast undir slagorðinu #BeActive með það að markmiði að fá sem flesta til þess að hreyfa sig oftar og meira í sínu daglega lífi. Þetta var í annað sinn sem íþróttavikan er haldin hér á landi en það var fyrst gert árið 2015.

Heilsuefling eldri aldurshópa

Eitt af áhersluatriðum Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ er íþróttastarf og hreyfing eldri borgara. Hjá ÍSÍ er að störfum Nefnd ÍSÍ um íþróttir 60+. Á vefsíðu ÍSÍ má finna yfirlit yfir hreyfitilboð til eldri borgara í öllum landshlutum ásamt ýmsum fróðleik um heilsu og hreyfingu eldri borgara.

JAKO
JAKO
JAKO

Frá félögunum

Boginn

Síðasti aðalfundur var haldinn í Bogfimisetrinu, 16.03. 2017.

Stjórn félagsins:
Astrid Daxböck, formaður
Rúnar Þór Gunnarsson, varaformaður
Ingólfur Rafn Jónsson, gjaldkeri
Guðmundur Örn Guðjónsson, ritari
Gunnar Þór Jónsson, meðstjórnandi
Ólafur Gíslason og Tryggvi Einarsson, varamenn

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2017

Á árinu 2017 hélt Bogfimifélagið Boginn áfram að leggja mikla áherslu á barna- unglingastarf og afreksstarf. Það sést greinilega á því að á hverju einasta móti á Íslandi er verið að slá að lágmarki 5 íslandsmet og flest í yngri flokkum.
Boginn kom á samstarfi við Bogfimisetrið og Íþróttafélagið Freyju um þjálfunar program fyrir börn og unglinga sem er nú komið í gang.
Meðlimir Bogans tóku nokkra Íslandsmeistaratitla í einstaklingsflokkum og liðakeppni, og unnu medalíur á mörgum mótum innanlands og erlendis. Einnig slóu þeir gífurlegann fjölda Íslandsmeta á árinu bæði hér á landi og erlendis.

Meðlimir félagsins tóku þátt í fjölmörgum mótum erlendis og náðu frábærum árangri þar. Enda eru margir af bestu meðlimum Bogans háir á heimslista og evrópulista í bogfimi. Vonin er á næsta ári að við getum bætt við alþjóðlegt samstarf með barna og unglingastarfið okkar og náð sama árangri þar eins og við náðum með fullorðnum á síðustu 5 árum.

Íþróttamaður ársins í Bogfimi kemur úr Boganum: Guðmundur Örn Guðjónsson er þekktur á heimsvísu því hann keppir í tveimur mismunandi bogaflokkum og einnig vegna óvenjulegs skotstíls.
Hann keppti um 3 medalíur á EM smáþjóða í San Marínó á þessu ári, eina í einstaklingsflokki og 2 í liðakeppni í báðum bogaflokkum, trissuboga og sveigboga og er í 125 sæti á heimslista. Boginn átti meðlimi í San Marínó sem kepptu í heildina um 6 medalíur á leikunum og Margrét Einarsdóttir vann brons í eintaklings flokki trissuboga kvenna fyrir Bogann. Of langt væri að telja upp allann árangur Bogans hér þar sem það er langur listi.

Boginn mun halda áfram að aðstoða meðlimi með ferða- og árangursstyrkjum til að auðvelda meðlimum ferðakostnað og verðlauna þá sem ná miklum árangri.

Boginn vann með Bogfiminefnd ÍSÍ á síðasta ári við að halda þjálfaranámskeið á vegum heimssambandins World Archery. Þar náðu 2 meðlimir bogans 1. stigs þjálfararéttindum til viðbótar við þá þjálfara sem eru þegar í félaginu. Einnig var einn þjálfarinn metinn upp á 2. stigs réttindi af 3 stigum mögulegum.

Markmið Bogans fyrir árið 2018 er að:

1. Halda áfram og auka aðstoð við barna og unglingastarf, aðstoða þá við innkomu í íþróttina með þjálfun og skipulagi og aðstoða þá að halda áfram með því að bæta aðgengi að góðum búnaði fyrir barna og unglingastarfið.

2. Að reyna að finna varanlega utandyra aðstöðu fyrir meðlimi okkar til að æfa á réttum utandyra fjarlægðum. Eins og staðan er núna vantar okkur sárlega æfingar aðstöðu fyrir sveigboga fjarlægðir 70m svo að meðlimir okkar geti keppt um sæti á Evrópuleikum og Ólympíuleikum af fullri alvöru.

3. Að fara með hóp af ungmennum á Norðurlandameistaramót Ungmenna (NUM) 2018 og vonandi fleiri alþjóðleg mót með krökkunum okkar, í fyrsta sinn fyrir Ísland, þar sem við vonumst til að koma heim með að lágmarki einn norðurlandameistaratitil og vonandi fleiri medalíur af öðrum mótum.

Golfklúbbur Álftaness

Aðalfundur var haldinn á Álftanesi 22. febrúar 2017.
Næsti aðalfundur er 21. febrúar 2018

Stjórn félagsins:
Formaður Halldór Klemenzson
Varaformaður Björn Sveinbjörnsson
Gjalkeri Magnús Árni Sigfússon
Ritari Sigurður Eggertsson
Meðstjórnandi Jón Gunnar Valgarðsson
Varastjórn Snæþór Unnar Bergsson og
Sveinbjörn Hrafn Sveinbjörnsson

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2017:
Golfklúbbur Álftaness hefur vaxið og dafnað undanfarin ár.
Félagafjöldinn hefur tvöfaldast á undanförnum 4-5 árum.
Klúbburinn reynir að hafa golfið aðgengilegt fyrir alla með hóflegum árgjöldum og vallargjöldum. Aðsóknin hefur að sama skapi aukist. Ekki þarf að skrá teigtíma heldur bara að mæta og skella sér hring eða tvo. Hingað til hefur nánast aldrei verið bið eftir að komast á teig.

Helstu mót eru:
Stigamótaröðin, Jónsmessumót, 17. júní mót, Kvennamót, Bændaglíma, Meistaramót
Klúbburinn leggur mikið upp úr því að hafa völlinn snyrtilegan og viðhalda honum og æfingasvæðinu vel.
Stefnan er að stækka og dafna enn betur. Framundan er uppbygging á nýjum velli við Bessastaðatjörn sem verður skemmtilegt og krefjandi verkefni. Garðabær lofar okkur samfellu í starfið þannig að núverandi velli verður ekki lokað fyrr en sá nýji er klár.
Það eru því spennandi tímar framundan hjá Golfklúbbi Álftaness.

Gerpla

Síðasti aðalfundur var haldinn í Versölum 3 19. júní 2018.

Stjórn félagsins:
Harpa Þorláksdóttir formaður,
Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir varaformaður,
Hjalti Ragnar Eiríksson, Atli Björn Þorbjörnsson,
Sigrún Óskarsdóttir, Marta Kristín Sigurjónsdóttir
og Sif Pálsdóttir.

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2017:

Íþróttafélagið Gerpla hélt aðalfund 19. júní 2017 fyrir starfstímabilið 1. júní 2016 – 31. maí 2017. Eftirfarandi aðilar skipuðu stjórn félagsins: Harpa Þorláksdóttir, formaður, Atli Þorbjörnsson, Hjalti Ragnar Eiríksson, Marta Kristín Sigurjónsdóttir, Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir, Sigrún Óskarsdóttir og Sif Pálsdóttir.

Gerpla leggur áherslu á fjölbreytt þjónustuframboð og hefur það einkennt starfsemi félagsins. Ásóknin er mikil í félagið og eru börn á biðlista allt árið um kring. Deildarstjórar sjá um að gæðastýra sínum deildum og fylgja eftir þjálfun hópa og samhæfa á milli hópa og deilda. Hópfimleikadeildin fór í þróunarverkefni haustið 2016 og tengdi það sýnum karakter vekefninu og gekk það mjög vel. Verkefnið bar heitið „Að finnast þú mikilvægur í stóru félagi". Verkefnið gekk mjög vel og var ákveðið að halda áfram með það haustið 2017 og færa það yfir í fleiri deildir og hefur það farið ágætlega af stað.

Húsnæðisvandi Gerplu er löngu þekktur en snemma árið 2016 var skrifað undir samning á milli Kópavogsbæjar og Íþróttafélagsins Gerplu um byggingu á nýju fimleika- og íþróttahúsi við Vatnsendaskóla. Hópfimleikadeild félagsins mun æfa í nýja húsinu og áhaldafimleikadeildin í Versölum en aðrar deildir svo sem eins og grunn- og framhaldsdeildin og almenna deildin verða á báðum stöðum. Hópfimleikadeildin mun án efa taka vaxtarkipp í kjölfarið en hún hefur samt vaxið og dafnað jafnt og þétt undanfarin ár. Það eru því spennandi en jafnframt krefjandi tímar framundan í Gerplu en stefnt er að því að taka húsið í notkun í lok apríl árið 2018.

Líkt og undanfarin ár hefur Gerpla verið mótshaldari fyrir hönd Fimleikasamband Íslands og var það með sambærilegum hætti þetta starfsár. Iðkendur Gerplu unnu til fjölda verðlauna og tóku þátt á fjölmörgum mótum bæði á vegum FSÍ sem og á millifélagamótum en einnig á erlendri grundu. Þar til viðbótar átti Gerpla keppendur með landsliðum Íslands í áhaldafimleikum bæði í fullorðins- og unglingaflokkum. Gerpla hampaði Íslandsmeistaratitlum í fullorðinsflokkum hópfimleika kvenna, karla og blandaðra liða en það var í fyrsta skipti sem sá árangur náðist. Eins hampaði Gerpla Íslandsmeistaratitlum í áhaldafimleikum karla í fullorðinsflokki sem og í unglingaflokki bæði drengja- og stúlknaflokki.

Gerpla leggur mikið uppúr öryggi í salnum og er reglulegt eftirlit með tækjum og áhöldum sem notuð eru við æfingar og keppni. Reglulegt viðhald á sér stað og endurnýjun áhalda eftir nauðsyn og stöðlum. Nú í upphafi árs 2018 var skipt um gryfju í miðjuhluta salarins í Versölum en gryfjan var orðin hættuleg og var það staðfest í reglubundnu eftirliti vorið 2017. Í stað dýnugryfju var sett ný og glæsileg púðagryfja sem nýtist áhaldafimleikunum vel.

Vorsýning félagsins var á sínum stað en hún var haldin venju samkvæmt fyrstu helgina í júní. Heiti sýningarinnar var Safarí og var sýningarstjóri Eva Dröfn Benjamínsdóttir. Sýningin var hin glæsilegasta og en sýndar voru fimm sýningar fyrir fullu húsi gesta.

Sumarstarfið var hið blómlegasta sumarið 2017 en iðkendafjöldi jókst um 47% frá sumrinu 2016. Fullt var á öll sumarnámskeið sem voru heilsdagsnámskeið fimm daga í senn og eins jókst þátttakan í hefðbundnum sumaræfingum keppnisdeilda hóp- og áhaldafimleika.

Nú um þessar mundir stendur starfið sem hæst en það er alltaf líf og fjör í Versölum.

GKG

Síðasti aðalfundur var haldinn 28. nóvember 2017

Stjórn félagsins:
Guðmundur Oddsson, formaður,
Þorgerður Jóhannsdóttir, varaformaður,
Sigurður Kr. Egilsson, gjaldkeri,
Gunnar Jónsson, meðstjórnandi,
Ingibjörg Ólafsdóttir, meðstjórnandi,
Jón K. Baldursson, meðstjórnandi,
Ragnheiður Stephensen, meðstjórnandi,
Sigmundur Einar Másson, meðstjórnandi,
Einar Gunnar Guðmundsson, meðstjórnandi

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2017:

Orð fráfarandi formanns, Finns Sveinbjörnssonar.

Starfsárið 2016–2017 var gott á marga lund fyrir GKG. Íþróttastarfið stóð í blóma. GKG-ingar hömpuðu sjö Íslandsmeistaratitlum, þ.á m. í holukeppni karla og í sveitakeppni.

Afrekskylfingar GKG gerðu það einnig gott erlendis, sérstaklega Aron Snær Júlíusson og Birgir Leifur Hafsteinsson. Góð og vaxandi aðsókn var að fjölmörgum námskeiðum fyrir börn,unglinga og fullorðna árið um kring. Þessu blómlega íþróttastarfi eru gerð ítarleg skil í ársritinu.

Íþróttamiðstöð GKG var vígð í apríl 2016. Á starfsárinu2016–2017 kom glöggt í ljós hversu mikilvægt húsið er fyrir allt félagsstarf GKG. Aðstaða fyrir starfsfólk hefur gerbreyst sem og aðstaða fyrir fundi, fyrirlestra og námskeið. Þá hafa golfhermarnir skapað algerlega nýja vídd í félagsstarfinu og þjónustu við kylfinga. Verslunin blómstrar. Loks má nefna að veitingasalan hefur skotið góðum rótum eftir skrykkjótta byrjun og breytingu árekstraraðila.

GKG glímir við áskoranir: Ástand flata var misgott í sumar semolli nokkurri óánægju meðal kylfinga. Félögum fækkaði á ný eftirað hafa fjölgað árið áður. Búið er að samþykkja nýtt aðalskipulag Garðabæjar þar sem fram koma hugmyndir um breytingar áaðstöðu GKG. Við þessu öllu þarf að bregðast af festu. Þegar allt er metið sést þróttmikið starf innan félagsins. Þar
hjálpast að almennir félagar og stór hópur sjálfboðaliða í þeirra röðum, hæfileikaríkt íþróttafólk og dugmikið starfsfólk. Fyrir það er ástæða til að þakka.

Sjá nánar í ársriti GKG 2017 hér: https://gkg.is/wp-content/uploads/2017/11/GKG_arsrit_2017_vefutgafa.pdf

Golfklúbbur Mosfellsbæjar

Síðasti aðalfundur var haldinn 13. desember

Stjórn félagsins:
Formaður: Kári Tryggvason
Varaformaður: Ragnheiður Ríkharðsdóttir
Gjaldkeri: Auður Ósk Þórisdóttir
Ritari: Írunn Ketilsdóttir
Meðstjórnandi: Guðjón Karl Þórisson
Meðstjórnandi: Steinþór Pálsson
Meðstjórnandi: Siggeir Kolbeinsson

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2017:
Rekstrarárið 2016 – 2017 var bæði markvert og eftirminnilegt ár í rekstri klúbbsins. Þann 4. júní 2017 flutti Golfklúbbur Mosfellsbæjar félagsaðstöðu sína í nýtt hús við Hlíðavöll. Með því lauk langri bið eftir því að við Hlíðavöll risi varanleg aðstaða fyrir kylfinga. Húsið fékk nafnið Klettur og þegar leið á sumarið komst betri og betri mynd á lífið í nýrri aðstöðu. En hvernig tókst til? Ekki er hægt að segja annað en að gríðarlega vel hafi tekist til. Húsið okkar er glæsilegt og hefur nú þegar sannað sig í mismunandi rekstri og virkni.
Afreksstarf: Óhætt er að segja að árangur sumarsins hafi verið góðu í afreksstarfi GM. Við áttum marga kylfinga á mótaröðum GSÍ sem náðu góðum árangri. María Eir Guðjónsdóttir, Kristófer Karl Karlsson, Andri Már Guðmundsson og Ragnar Már Ríkarðsson komust öll á verðlaunapall á Íslandsbankamótaröðinni. Okkar bestu kylfingar léku frábært golf í Meistaramóti GM og verður einvígi Björns Óskar og Kristjáns Þórs lengi minnistætt en skorið hjá þeim var með því besta sem hefur sést í Meistaramóti GM. Við tefldum fram sterkum liðum í Íslandsmóti golfklúbba í ágúst í öllum flokkum. Þar áttum við 3 lið á verðlaunapalli, Karlasveit GM sem náði 3. sæti í Kiðjabergi, drengjasveit GM 18 ára og yngri urðu Íslandsmeistarar á Hellu og sveit eldri kylfinga sigraði glæsilega í Öndverðanesi. Frábær árangur og greinilegt að liðsheildin er sterk í Mosfellsbænum. Starfsemi stjórnar og nefnda Stjórn klúbbsins fundaði alls 13 sinnum yfir starfsárið en fastir fundir stjórnar eru einu sinni í mánuði. Hlé var gert á fundum stjórnar yfir hásumarið en að öðru leiti voru fundir stjórnar reglulegir. Allar helstu nefndir klúbbsins störfuðu á síðasta starfsári – þó mismikið. Sem betur fer þurfti t.d. Aganefnd klúbbsins ekki að starfa neitt þar sem engin agamál komu inn á borð til hennar á árinu. Kvennanefnd stóð fyrir öflugu starfi meðal kvenna í klúbbnum og sóttu konur viðburði á vegum nefndarinnar. Vallarnefnd klúbbsins fundaði nokkuð oft og stendur vinna yfir hjá þeim varðandi mörg atriði er snúa að vallasvæðum klúbbsins. Mótanefnd klúbbsins kom myndarlega að framkvæmd opinna móta og annaðist ræsingu, skráningu skors og utan umhald úrslita. Afreksnefnd klúbbsins hélt utan um afreksþætti starfseminnar og hélt til að mynda glæsilegt Unglingaeinvígi í lok ágúst eins og hefð hefur myndast fyrir. Ég get sagt það að þetta fyrst ár mitt sem formaður GM hefur verið viðburðaríkt, erilsamt en umfram allt mjög gefandi. Ég hef náð að kynnast betur mikið af góðu fólki og fylgjast með þeim krafti sem býr í golfklúbbi Mosfellsbæjar. Ég hlakka til að vinna áfram að því að gera veg GM sem mestan með því góða fólki sem hér er bæði starfsmenn og stjórn. Ég vil þakka stjórnarmönnum fyrir samstarfið og þá sérstaklega Kristni Wium og Völu Valtýsdóttur sem ætla að láta gott heita í bili. Fyrir hönd stjórnar GM, Kári Tryggvason, formaður

Grótta

Aðalfundur Íþróttafélagsins Gróttu fór fram 6. apríl 2017 í hátíðarsal Gróttu.

Stjórn Gróttu:
Elín Smáradóttir formaður,
Sigrún Hallgrímsdóttir varformaður,
Hreinn Októ Hreinsson, Kristinn Þorvaldsson og Ragnar Rafnsson.

Íþróttafélagið Grótta varð 50 ára þann 24. apríl árið 2017. Haldið var upp á afmælið með vikulangri afmælisdagskrá sem heppnaðist gríðarlega vel.
Á árinu 2017 náðist góður árangur á ýmsum sviðum hjá íþróttafélaginu Grótta. Meistaraflokkur kvenna í handbolta urðu meistarar meistaranna þriðja árið í röð auk þess sem liðið komst í undanúrslit Íslandsmótsins en féll út í oddaleik gegn Stjörnunni. Karlalið félagsins í handbolta endaði í 8. sæti í Olís deild karla en féll út gegn deildarmeisturum FH í 8 liða úrslitum. Yngri flokkar handboltans eru á góðum

stað, öflugt starf unnið og árangur góður innan vallar sem utan.
Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu tók til starfa og lék í 2. deild þar sem liðið endaði í 2. sæti. Meistaraflokkur karla lék í 1. deild sumarið 2017 og féll niður í 2. deild. Áhersla verður lögð á að gefa ungum og uppöldum leikmönnum Gróttu tækifæri næsta sumar. Mikil fjölgun iðkenda hefur orðið hjá knattspyrnudeildinni og eru þeir nú orðnir fleiri en 300 talsins.
Starf fimleikadeildar, sem er stærsta deild félagsins, hefur gengið vel en aldrei hafa fleiri keppt á þrepamótum FSÍ. Laufey Birna Jóhannsdóttir og Sóley Guðmundsdóttir voru valdar í úrvalshóp FSÍ ár árinu. Fimleikadeildin bauð upp á stökkfimi fyrir drengi á aldrinum 9-12 ára. Lovísa Thompson, handknattleikskona varð fyrir valinu sem íþróttamaður Gróttu árið 2017 en kjörið fór fram í byrjun árs 2018. Íþróttamaður æskunnar var valinn úr hópi ungra og efnilegra íþróttamanna félagsins og var það fimleikakonan Sóley Guðmundsdóttir sem fékk þá viðurkenningu.

Handknattleiksfélag Kópavogs

Aðalfundur félagsins fyrir starfsárið 2016 var haldinn 2. maí 2017 í Kórnum.

Stjórn félagsins:
Sigurjón Sigurðsson, formaður
Magnús Gíslason, varaformaður
Unnar Hermannsson, gjaldkeri
Kristinn Gunnarsson, ritari
Hólmfríður Kristjánsdóttir, fulltrúi félaga og stjórna
Ragnheiður Kolviðsdóttir, varamaður
Einar Tómasson, varamaður

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2017:
HK tók í notkun nýja félagsaðstöðu í Kórnum 6.janúar á árinu fyrir iðkendur og félagsmenn ásamt því að nýr veislusalur félagsins var formlega tekin í notkun þegar Íþróttahátíð HK var haldin hátíðleg í fyrsta skipti þennan sama dag. Á íþróttahátíðinni voru flokkar og einstaklingar heiðraðir fyrir afrek sín á árinu og íþróttamaður og -kona HK krýnd. Gafst þetta vel og mikil ánægja meðal iðkenda og félagsmanna var með þetta fyrirkomulag.
Í maí fór fram tónleikahald á félagssvæði HK þegar þýska stórhljómsveitin Rammstein kom í heimsókn í Kópavoginn. Hátt í 400 hundruð sjálfboðaliðar lögðu fram hjálparhönd við ýmiskonar störf í kringum uppsetningu og frágang. Sjálfboðaliðarnir eru félaginu afskaplega dýrmætir og á félagið í mikilli þakkarskuld við alla þá sem lögðu hönd á plóg.
Skipt var um gervigras í knatthúsi Kórsins í desember, en gamla grasið var komið til ára sinna. Framkvæmdin hafði óhjákvæmilega áhrif á starfsemi knattspyrnudeildar undir lok árs en með skipulagi og góðri hjálp frá nágrönnum okkar í Breiðabliki þá varð raskið mun minna en hefði getað orðið.
Blakdeild HK stóð sig enn og aftur með miklum sóma á árinu 2017. Meistaraflokkur kvenna fór ósigraður í gegnum deildarkeppnina og varð deildar- og Íslandsmeistari á árinu. Meistaraflokkur karla varð einnig Íslandsmeistari og meistarar meistaranna.
HK eignaðist einnig Íslandsmeistara í einliðaleik kvenna í borðtennis en Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir er fyrsti Íslandsmeistari í borðtennis sem sigrar bæði í flokki fatlaðra og ófatlaðra.

Hnefaleikafélag Kópavogs

Síðasti aðalfundur haldinn í Kópavogi 2.3.2017

Stjórn félagsins:
Formaður Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir,
Varaformaður Hjörleifur Björnsson,
Meðstjórnandi Kjartan Valur Guðmundsson
Gjaldkeri Rúnar Svavarsson,
Ritari Drífa Hrund Guðmundsdóttir

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2017:
Starfsemi Hnefaleikafélags Kópavogs blómstraði vel á árinu 2017. Félagið fór í fjórar keppnisferðir erlendis og tók þátt á öllum mótum innanlands og leyndi árangurinn sér ekki. Á Íslandsmeistaramótinu í hnefaleikum 2017 unnu keppendur félagsins til fimm til gullverðlauna, ein silfurverðlaun og ein bronsverðlaun. Félagið átti þrjá fulltrúa Íslands á Norðurlandamótinu í Danmörku á árinu og unnu þau til bronsverðlauna. Fjórir keppendur tóku þátt á einu fjölmennasta hnefaleikamóti í Evrópu haldið í Harrengey í Englandi með góðum árangri. Félagið sendi síðan stærsta keppnishóp til þessa á fjölmennasta hnefaleikamót heims í nóvember á árinu í ACBC í Gautaborg enn 466 keppendur víðsvegar úr heiminum tóku þátt. Frá HFK tóku þátt tíu keppendur og stórkostlegur árangur náðist en hópurinn vann sér inn til þriggja gullverðlauna og þriggja silfurverðlauna, þetta er einn besti árangur sem Íslenskur hópur hefur unnið til á stórmóti erlendis í hnefaleikum. Jafet Örn Þorsteinsson tók þátt á hinu þekkta og sterka landsliðsmóti Tammer Tournement í Finnlandi með góðum árangri. Jafet Örn vann til verðlauna fyrir góðan árangur í hnefaleikum á árinu, hann var valinn hnefaleikamaður Íslandsmeistaramótsins þriðja árið í röð og fékk til eignar bensabikarinn. Hann var síðan valinn í lok árs Hnefaleika maður ársins 2017.

Hörður

Aðalfundur félagsins var haldinn 22. nóvember 2017.

Í stjórn félagsins sitja:
Hákon Hákonarson formaður,
Erna Arnarsdóttir ritari,
Ragnhildur Traustadóttir gjaldkeri,
Anna Lísa Guðmundsdóttir, Gunnar Valsson, Gígja Magnúsdóttir, Haukur Níelsson,
Kristinn Már Sveinsson og Rúnar Guðbrandsson.

Haldnir voru 16 formlegir stjórnarfundir á starfsárinu.
Fundað hefur verið reglulega með formönnum hestamannafélaganna á Höfuðborgarsvæðinu.
Haldnir voru 16 formlegir stjórnarfundir á starfsárinu og funduðu nefndir reglulega um sín málefni. Tengiliður stjórnar situr í flestum nefndum félagsins. Reglulega fundaði formaður, stjórnarmenn og nokkrir formenn nefnda með starfsmönnum Mosfellsbæjar og einnig áttum við fundi með UMSK.
Formaður og starfsmaður félagsins, hafa fundað reglulega s.l. ár með formönnum Hestamannafélaganna á Höfuðborgarsvæðinu, þar sem farið er yfir hin ýmsu mál.
Nokkrir fundir hafa verið með Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar um frekari lóðaúthlutun á Harðarsvæðinu, en til þess þarf að breyta deiliskipulagi. Gert er ráð fyrir frekari nýtingu svæðisins í aðalskipulagi, en minna mál er að breyta deiliskipulagi en aðalskipulagi. Það er skoðun okkar Harðarmanna að rými sé fyrir 10 – 15 hesthúsalengjur hér á svæðinu og eðlilegt að fullnýta svæðið áður en ráðist er í skipulagningu nýs svæðis. Fundir hafa gengið nokkuð vel, en sú hugmynd var viðruð á síðasta fundi að farið yrði í „hugarflugsfund“ um framtíðarsýn hestamannafélagsins til næstu 20 ára. Mosfellsbær hefur stækkað hratt og

mun líklega stækka hratt á næstu árum.
Reynir Örn Pálmason og Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir voru kjörin íþróttamaður og íþróttakona Harðar 2017 og óskum við þeim innilega til hamingju með þann tiltil.
Félagið veitti 2 styrki kr. 150 þús hvorn til 2ja félagsmanna til þess að mæta kostnaði við að koma hestum sínum á heimsmeistarmótið í Hollandi.
Hörður og FMOS voru áfram í samstarfi og er skólinn að leigja reiðhöllina undir verklega kennslu. Stjórnarmenn sitja jafnframt í vinnuhópi skólans varðandi kennsluna. Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri leigir höllina veturinn 2017 – 2018 undir kennslu í Reiðmanninum.
Í næstu viku verður sett upp loftræstikerfi í reiðhöllinni. Er það löngu tímabært, því höllin hefur legið undir skemmdum af raka. Í næstu hláningum verða settar snjógildur og rennur á þak reiðhallarinnar, en búið er að fá tilboð í verkið.
Búið er að stækka kerrustæði félagsmanna og var það samvinnuverkefni Harðar og Félags hesthúseigenda. Hringvöllurinn var snyrtur og sléttað úr moldarhaugum undir bílaplan norðanmegin við reiðhöllina.
Umhverfisnefnd Harðar sá um að skipuleggja hreinsunardag samkvæmt venju. Gengnar voru allar reiðleiðir í nágrenninu og týnt rusl. Eftir hreinsunina var boðið í grill í reiðhöllinni.
Í maí var Formannsfrúarreið farin frá Hafnarfirði í Mosfellsbæ. Þar mættu tæplega 50 konur úr Herði og endað var á mikilli veislu í Harðarbóli.
Í lok apríl var farið ríðandi í Fák. Þátttaka var frekar rýr enda arfavitlaust veður. Fáksmenn komu ríðandi til okkar 6. maí og sáu Harðarkonur um sölu veitinga. Mjög góð þátttaka var í þeirri heimsókn enda veðrið með afbrigðum gott. Um kvöldið var haldið kótelettukvöld í Harðarbóli. 110 manns mættu og hagnaður dagsins var um 450 þús kr. Náttúrureiðin var farin 27. maí.
Yfir 100 manns sóttu reiðnámskeið á vegum fræðslunefndar veturinn 2016-2017. Boðið var upp á mörg mismunandi námskeið.
Síðastliðinn vetur gekk vel hjá fræðslunefnd fatlaðra og alltaf bætast fleiri þátttakendur í hópinn. Fjöldi sjálfboðaliða hjálpuðu til við að láta þetta ganga upp. Nú í haust erum við með 7 námskeið í gangi alla daga vikunnar nema á sunnudögum. Erum við með 5 nemendur í senn en svo er einn hópur á fimmtudagsmorgnum (MS sjúklingar) sem eru 10 saman þannig að þetta haustið erum við með 40 nemendur.
Í undirbúningi er stofnun sérstaks félags um reiðskennslu fatlaðra á Höfuðborgarsvæðinu með aðkomu hinna hestamannafélaganna. Það yrði mikil lyftistöng að fá hin félögin með í þetta skemmtilega starf og þá kæmust fleiri á námskeið, en eftirspurnin er mjög mikil.
Stjórn félagsins er ánægð með rekstrarafkomu ársins og við lítum björtum augum til næsta árs. Félagið er í góðum samskiptum við Mosfellsbæ, skólana í Mosfellsbæ og önnur Íþróttafélög. Við leitum til þeirra og þeir til okkar með hin ýmsu mál, því það er horft til þess að Hestamannafélagið Hörður er fyrirmyndar félag innan ÍSÍ.

ÍAK

Aðalfundur Íþróttafélags aldraðra í Kópavogi 2017 var haldinn í Digraneskirkju 4. apríl.

Stjórnin samþykkt óbreytt:
Formaður: Hörður Þorleifsson, 280528-4049
Gjaldkeri: Margrét Loftsdóttir, 270442-7069
Ritari: Ragna Guðvarðardóttir, 171134-2509
Meðstjórnendur: Sæunn Þorleifsdóttir, 070437-2609
Vigdís Jack, 240329-2049
Endurskoðandi reikninga:
Guðrún Guðnadóttir, 240131-7149

Íþróttafélagið starfaði með sama sniði og áður. Leikfimistíminn byrjar kl 11 f.h. og stendur í 40 mínútur, þriðjudaga og fimmtudaga. Óbreytt er mánaðargjaldið, 1.500 krónur. Veikindi og ýmis óhöpp valda hindrun á mætingu. Margir fara í sólarlandaferðir um vetrartímann.
Vorönn hófst 5. janúar og lauk 23. maí. Haustönn byrjaði 7. september. Síðasti tíminn fyrir jólafrí var 14. desember. Félagið hefur, eins og áður, aðstöðu á jarðhæð í Digraneskirkju. Skráðir félagar eru 90, þar af eru 67 virkir. Þeir eru taldir virkir sem mæta þótt þeir komi óreglulega. Á árinu voru 67 leikfimistímar og að meðaltali mættu 29 en að hámarki mættu 40. Í tímum er mikil áhersla lögð á upphitun, síðan alhliða hreyfingu með áherslu á axlir og aðra liði auk þjálfunar vöðva og teygjur. Þjálfari félagsins er Fannar Karvel Steindórsson íþróttafræðingur sem hefur annast okkur nú á sjöunda ár. Frá ársbyrjun hefur Steinunn Helga Björgólfsdóttir íþróttafræðingur þjálfað okkar flesta fimmtudaga á vorönn.
Það er tenging milli íþróttafélagsins og kirkjustarfs aldraðra í Digraneskirkju sem hefst eftir leikfimistímann á þriðjudögum. Vor og haust er farin dagsferð. Sl. vor var farið til Skálholts, einnig með kirkjustarfinu, og í haust var skoðað Veiðisafnið á Stokkseyri og drukkið miðdegiskaffi í Grímsborgum í Grímsnesi. Þar var vel tekið á móti okkur.
Kveðja: Hörður Þorleifsson form.

Krikketfélag Kópavogs

Síðasti aðalfundur var haldinn í febrúar 2017, Radisson 1919 Hótel.

Stjórn félagsins:
Jakob Robertson, Derick Deonarain,
Abhishek Chauhan, Noland Williams, David Cook,
Muhammad Sulaman Nawaz, Keenan Botha

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2017:
2017 var stórt ár fyrir okkur. Við vorum að æfa stíft tvisvar í viku um helgar í Sportshúsinu að undirbúa okkur fyrir keppnisferðir erlendis. Í mai fórum við svo út að æfa á gerfigrasinu hjá Kórnum bæði á laugardögum og sunnudögum. Félagsmannafjöldin hefur ekki aukist eins og við áttum von á en höfum góðan kjarna af leikmönnum sem eru að færa hreyfinguna áfram í réttan átt. Einnig höfum við mjög öflugan þjálfara frá Bretlandi sem heitir Darren Talbot sem hefur tekið það að sér að aðstoða okkur og hefur hann verið til staðar á öllum erlendum mótum sem við höfum tekið þátt í og komið í heimsókn árlega. Árið 2017 var einnig jákvætt hvað varðar samstarf. Við höfum byggt upp tenglsanet við innlenda og erlenda aðila sem hafa veitt okkur stuðning. Félagið fékk nýja búninga í samstarfi við breska fyrirtækið Viking Cricket.
Í júni og júli komu tvö lið frá bretlandi, Antepolians CC og Hackney

Cricket Village CC. Við spiluðum á gerfigrasinu hjá Kórnum sem má segja að sé heimavöllurinn okkar. Þessi lið voru satt að segja ekki nógu sterk og við unnum allar leikina auðveldlega. Við viljum reyna næst að fá sterkari lið til landsins 2018.
Þann 25. júni fórum við í viku langa keppnisferð til Bretlands og kepptum við 3 lið, Bedfordshire farmers, Elstow CC og Eton College. Þetta var strembin en vel heppnuð ferð þar sem við sáum hvað við höfum í rauninni öflugt lið hér á Íslandi þar sem við töpuðum bara einum leik af fimm. Þetta er annað skiptið sem Ísland hefur sent krikketlið til keppni erlendis en nú í fyrsta skiptið sem við höfum verið með fullmannað 11 manna lið frá Íslandi.
Í águst fengum við tvö lið í heimsókn. The Authors XI og Allez Bloggers CC. Authors XI er lið sem er samansett af frægum rithöfundum og það var tilvalin dagsetning því á þessum tíma var Íslenska bókmenntahátiðin að hefjast og stjórnendur þeirra hátiðar höfðu samband og skipulögðu smá kynningu á krikket í Hljómskálagarðinum í kringum þetta. Við kepptum þrjá leiki á tveimur dögum innanhús í Kórnum og unnum tvo. Höfundarnir skrifuðu frábæra grein um þessa ferð hingað og að auki var tekið viðtal við einn af þeim sem birtist í The Guardian.
Síðasta liðið til að koma á árinu var Allez Bloggers CC. Þeir komu í lok ágúst og við spiluðum 3 leiki yfir helgina og unnum þá alla.
Í byrjun september fórum við til Prag í annan sinn á krikketmótið "The Pepsi Cup". Við vorum með það að markmiði að lenda í efstu þremur sætunum en því miður lentum við í sjötta sæti af átta liðum.

Mótomos

Síðasti aðalfundur var haldinn í Félagsheimili Motomos 01.04.2017
Stjórn félagsins:
Bjarni Sigurgeirsson, Sveinbjörn D. Magnússon
Þorgeir Ólason

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2017
Íslandsmót í mótorkrossi • Þrjú námskeið

Lyftingafélag Kópavogs

Síðasti aðalfundur var haldinn í mars 2017
Stjórn félagsins:
Jens Andri Fylkisson,
Jónína Sveinbjarnardóttir,
Sigríður Jónsdóttir,
Anna Björk Hjaltadóttir,
Hallgrímur Ingi Jónsson

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2017:
Árangur LFK á Stigamótum LSÍ: Við fórum úr 7. sæti í 3. sæti. Virkilega góður árangur á einu ári. Þuríður Erla Helgadóttir LFK var kosin Lyftingakona ársins 2017. Hrafnhildur Arnarsdóttir varð Íslandsmeistari unglinga í 48kg flokki í U15, U17 og U20 ára flokkum. Meðlimir LFK settu fjölda Íslandsmeta. Við héldum Lyftingamót UMSK 23. apríl með mjög góðum árangri.

Golfklúbbur Ness

Aðalfundur Golfklúbbs Ness - Nesklúbbsins var haldinn miðvikudaginn 29. nóvember. Tæplega 70 félagar sátu fundinn. Lögð var fram skýrsla stjórnar sem og reikningar sem voru samþykktir samhljóða.
Allir stjórnarmeðlimir frá fyrra starfsári buðu sig aftur fram.
Engin önnur framboð bárust og var stjórnin því sjálfkjörin fyrir starfsárið 2018 og er skipuð eftirfarandi einstaklingum.
Formaður: Kristinn Ólafsson
Árni Vilhjálmsson
Áslaug Einarsdóttir

Guðrún Valdimarsdóttir
Stefán Örn Stefánsson
Varamenn:
Jóhann Karl Þórisson
Þuríður Halldórsdóttir
Framkvæmdastjóri er Haukur Óskarsson

Líkt og undanfarin ár var félagslíf klúbbsins fjölbreytt og gekk í flesta staði mjög vel. Völlurinn skartaði sínu fegursta enda veðurfar með besta móti meiri hluta sumars.
Almenn starfsemi var með hefðbundnum hætti. Fyrir utan daglegt starf voru haldin á þriðja tug golfmóta, þar af fimm opin mót. Kvennastarf klúbbsins er í miklum blóma og eru mætingar á viðburði tengda konum ávallt mjög góð. Unglingastarf var sem fyrr í höndum Nökkva Gunnarssonar, golfkennara og nú einnig Steins Baugs Gunnarssonar leiðbeinanda.
Með tilkomu nýrrar inniaðstöðu sem nefnd var Risið og er staðsett í hjarta Seltjarnarnesbæjar á Eiðistorgi, breyttist allt umhverfi unglingastarfs klúbbsins til muna. Nú er með góðu móti hægt að bjóða upp á æfingar allt árið og voru vetraræfingarnar færðar úr Lækningaminjasafninu yfir í hina nýju aðstöðu strax í janúar. Það sýndi sig fljótt hversu mikilvæg slík aðstaða er enda þurfti eftir fyrstu vikuna að fjölga æfingum um helming fyrir yngstu kynslóðina vegna aðsóknar. Æft var tvisvar í viku fyrir byrjendur og allt að fjórum sinnum í viku fyrir lengra komna yfir vetrartímann. Eins og á síðasta ári er öllum börnum og unglingum á Seltjarnarnesi nú frjálst að mæta á æfingar óháð því hvort að þau séu í klúbbnum eða ekki.
Meistaramót klúbbsins var haldið dagana 1. – 8. júlí þar sem að tæplega tvöhundruð félagsmenn voru skráðir til keppni. Klúbbmeistari karla er Oddur Óli Jónasson sem sigraði í annað skipti og klúbbmeistari kvenna er Karlotta Einarsdóttir sem sigraði í þrettánda sinn.
Einvígið á Nesinu, „shoot-out" góðgerðarmótið var að venju haldið á

frídegi verslunarmanna, núna mánudaginn 7. ágúst. Mótið sem nú var haldið í tuttugasta og fyrsta skipti var sem fyrr styrktarmót þar sem tíu af bestu kylfingum landsins er boðin þátttaka og spiluðu í ár í þágu Vinaliðaverkefnisins, en verkefnið leggur umfram allt áherslu á að stöðva einelti í skólum. Fjöldi áhorfenda leggur ávallt leið sína á Nesvöllin á þessu móti og eins og áður var mótið tekið upp og síðar sjónvarpað.
Nesvöllurinn er þekktur fyrir mikið og gott fuglalíf. Varp fugla var almennt nokkuð gott eins og fyrra ár og þá sérstaklega kríunnar en samkvæmt talningu kom hún upp enn fleiri ungum en árið 2017.
Félagar í Golfklúbbi Ness eru núna 750 talsins og er biðlisti í klúbbinn sem á eru nú rúmlega 600 manns.

Lyftingafélag Garðabæjar

Síðasti aðalfundur var haldinn 17. maí 2017, Miðhrauni 2, Garðabæ.

Stjórn félagsins:
Árni Björn Kristjánsson,
Rúnar Kristmannsson,
Hildur Grétarsdóttir,
Aníta Líf Aradóttir og
Davíð Óskar Davíðsson.

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2017:
Árið 2017 var mjög viðburðarríkt hjá Lyftingafélagi Garðabæjar. Við áttum fjöldan allan af keppendum á öllum helstu mótum ársins og LFG hélt Sumarmót Lyftingasambands Íslands þar sem tóku þátt 40 manns. Það sem stóð uppúr á árinu var þegar Lyftingafélag Garðabæjar vann liðakeppni lyftingasambands Íslands en liðakeppnin var stigakeppni milli allra lyftingafélaga á landinu. Meðfylgjandi mynd er af Andra Gunnarssyni, lyftingamanni ársins, frá Evrópumótinu í lyftingum.

Golfklúbburinn Oddur

Aðalfundur Golfklúbbsins Odds fór fram 7. desember 2017.

Félagsmenn:
Skráðir félagsmenn í Oddi voru í lok starfsársins 1206. Af þeim eru 1.075 með fulla félagsaðild en 131 félagar eru með Ljúflingsaðild. Oddur er fjórði stærsti klúbbur landsins innan vébanda GSÍ og eru félagsmenn í Oddi 7,1% af heildarfjölda kylfinga á Íslandi sem nú telja 17 þúsund manns.

Félagsstarf
Félagsstarf var með hefðbundnu sniði á liðnu starfsári þar sem innanfélagsmót eru kjarninn í starfinu ásamt því að félagsnefnd stóð fyrir viðburðum til að lífga upp á starfið markvisst. Félagsmönnum í Oddi stóð til boða að nýta nýja og glæsilega aðstöðu GKG við Vífilstaði gegn vægu gjaldi.
Liðakeppni GO, Powerade-mótaröðin hélt sínum sessi og hefur verið miðpunktur í mótastarfi undanfarin sumur og verið aðlöguð að kröfum félagsmanna um fjölbreytni í mótahaldi eins og óskir hafa komið fram hverju sinni.
Meistaramót GO tókst afar vel í ár með þeim breytingum sem gerðar voru sem aðallega fólust í því að lengja mótið um einn dag.
Holukeppnin hefur fest sig í sessi hjá okkur og konur í golfklúbbnum hafa einokað fyrsta sætið undanfarin ár en að þessu sinni stóð uppi sem sigurvegari með glæsibrag Hilmar Vilhjálmsson.
Bændaglíman okkar sem er væntanlega sú fjölmennasta á landinu í dag ef tölur okkar eru réttar er til marks um það að góður andi ríkir í okkar starfi. Kvennastarfið okkar heldur áfram að vera öflugt og í miklum blóma, í raun algjörlega til fyrirmyndar.

Afreks-, barna- og unglingastarf
Sumarnámskeið fyrir börn og unglinga voru í boði eins og undanfarin ár. Að þessu sinni var frábær
aðsókn á námskeiðin og fjölgaði þeim um helming milli ára og haldin voru 6 námskeið sem um 120 krakkar á aldrinum 6 – 12 ára sóttu.
Allir afrekshópar karla og kvenna, eldri og yngri æfðu síðastliðinn vetur eins og undanfarin ár. Við tókum til þess ráðs að sameina þessa hópa undir einn hatt og tókst það ágætlega og úr varð eins góð nýting á þeim tímum sem við höfðum aðgang að.

Umhverfisvottun GEO
Afrakstur um þriggja ára vinnu við umhverfisvottun varð að veruleika núna í nóvember þegar Golfklúbburinn Oddur hlaut hina alþjóðlegu GEO Certified® vottun.

Fjárfestingar og framkvæmdir
Á árinu hófust framkvæmdir við vélageymslu sem stefnt var á að yrði klár fyrir veturinn en sú vinna stendur enn yfir. Af framkvæmdum á völlum okkar er það helst frá að segja að byggður var skjólveggur á sameiginlegum teigum 46 og 49 á 9. braut og þar settur bekkur.

Stækkun Urriðavallar
Aðalskipulag Garðabæjar leit dagsins ljós síðasta vor og í því var ekki gert ráð fyrir að við gætum stækkað völlinn að hluta í það sem við köllum Flatahraun. Landeigendur voru búnir að láta vinna nýtt deiliskipulag fyrir svæðið og því voru það vonbrigði að ekki hafi verið tekið tillit til þeirrar vinnu í aðalskipulaginu.

Inniaðstaða
Skortur á inniaðstöðu hefur löngum staðið íþróttastarfi og öðru félagsstarfi okkar fyrir þrifum á veturna. Er nú svo komið að við höfum dregist verulega aftur úr öðrum klúbbum í nágrenni við okkur. Forsenda þess að Golfklúbburinn Oddur þróist og eigi kylfinga á mótaröðum hér innanlands og vonandi einhvern tíma í framtíðinni erlendis, er að við höfum okkar eigin inniaðstöðu til æfinga og líkamsræktar fyrir félagsmenn. Við höfum helst horft til þess að byggja þar sem núverandi æfingabásar eru. Til að hefja þessa vinnu verður stofnuð undirbúningsnefnd um inniaðstöðu sem mun taka til starfa á nýju ári.

Stál-úlfur

Síðasti aðalfundur var haldinn laugardaginn 20 maí 2017 í Grafarvogi.

Stjórn félagsins:
Algirdas Slapikas – formaður
Erikas Milleris - varaformaður
Vytautas Lipskas - gjadkeri
Mindaugas Andrijauskas – ritari
Romualdas Gecas, Sergej Diatlovic
og Rui Pedro De Jesus Pereira.

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2017

Á vegum félagsins eru körfubolta-, fótbolta- og futsallið í meistaraflokki karla. Einnig hefur Stál-úlfur sent lið til keppni í 40+ aldursflokki tvö ár í röð. Keppnistímabilið 2017 var 8. keppnisár félagsins. Körfuboltalið „Stál-úlfs“ keppti í 3. deild karla í vor og endaði í 6. sæti deildarinnar en komst ekki áfram í úrslitakeppnina, þar sem eingöngu fyrstu fjögur liðin komust áfram. Æfingar liðsins fóru fram í Kársnesskóla þrisvar í viku. Fótboltalið Stál-úlfs tók þátt í öllum mótunum sem KSÍ bauð upp á. Lengjubikarnum, 4. deild karla, Borgunarbikarnum, Íslandsmóti innanhús og Íslandsmóti 40+ deildar. Í mars tóku Stál-úlfar þátt í Lengjubikarnum og lauk keppni í 5. sæti í öðrum riðli C deildar. Í maí hóf liðið keppni í bikarkeppninni KSÍ en féll út í fyrstu umferð á móti UMF Njarvík 1:6 í erfiðum leik. Liðið Stál-úlfs keppti í D riðli 4. deildar í sumar og endaði í 4. sæti. Futsal liðið tók þátt á Íslandsmóti innanhúss, endaði í 2. sæti D riðilsins og komst í úrslitakeppnina. Stál-úlfarnir töpuðu fyrir Íslandsmeisturum UMF Selfoss í átta liða úrslitum. Að lokum tóku Stál-úlfarnir þátt á Íslandsmóti 40+ deildinar og voru sjálfum sér og félaginu til sóma. Þeir unnu alla leikina og jafntefli 2:2 á móti Vals/KH liði tryggði þeim Íslandsmeistaratitilinn í 40+ aldurshópi. Æfingar liðsins fóru fram á útigervigrasvellinum við Kórinn og Fagralundi þrisvar í viku. Starfsemi félagsins hefur öll verið unnin í sjálfboðaliðastarfi. Fjöldi iðkenda er svipaður í körfuknattleik og verið hefur eða 49. Iðkendum í knattspyrnu og körfuknattsleik hefur fjölgað smávegis og eru þeir 88 í fótbolta og 49 í körfu. Samtals eru 137 iðkendur. Aðrir félagsmenn eru 4 samtals.

Skotfélag Kópavogs

Síðasti aðalfundur var haldinn í febrúar 2017 í aðstöðu félagsins í Digranesi

Stjórn félagsins:
Jón Viðar Björnsson formaður,
Bára Einarsdóttir varaformaður,
Jóhann A. Kristjánsson ritari,
María Anna Clausen gjaldkeri,
Guðrún Hafberg meðsjórnandi,
Breki Atlason varamaður,
Ólafur Egilsson varamaður

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2017

14.1.2017	Landsmót Frjáls skammbyssa,
11.2.2017	Landsmót 50 mtr liggjandi riffill,
25.2.2017	Landsmót loftskambyssa,
25.2.2017	Landsmót loftriffill,
8.4.2017	Íslandsmeistaramót Gróf skambyssa,
29.4.2017	Íslands og bikarmeistaramót 50 mtr liggjandi riffill.
18.11.2017	Opna Kópavogsmótið Loftskambyssa og loftriffill.

Sprettur

Síðasti aðalfundur haldinn 16. nóvember 2017.

Stjórn félagsins:
Sveinbjörn Sveinbjörnsson formaður
Hermann Vilmundarson varaformaður
Lárus Finnbogason Gjaldkeri
Ragna Emilsdóttir Ritari
Auður Stefánsdottir meðstjórnandi
Sigurður Tyrfingsson meðstjórnandi
Sverrir Einarsson meðstjórnandi

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2017:

Áhugamannadeild Spretts, mótaröð með fjórum mótum. Mót haldin aðra hverja viku frá byrjun febrúar til vors. Vetrarleikar Spretts þriggja móta röð haldin frá byrjun febrúar til vors. Kvenna og karlatölt haldið á vormánuðum. Dymbilvikusýning Spretts haldin í dymbilviku.

Þrauta og leikjadagur haldinn á föstudaginn langa, viðburður þar sem yngstu iðkendur í Spretti leika listir sínar, þrígangs mót, opið mót fyrir alla aldurshópa

Áhugamannamót, opið mót. Íþróttamót opið mót gæðingamót, mót fyrir félagsmenn Spretts, úrtökumót fyrir HM í hestaíþróttum, Metamót, opið mót haldið um mánaðarmótin Ágúst/September.

Félagið stendur fyrir reiðnámskeiðum fyrir félagmenn frá október og fram í júli eru þessi reiðnámskeið einstaklingsmiðuð í lang flestum tilfellum.

Á athafnarsvæði Spretts eru starfrækt fjölmörg félög sem tengjast hestamennsku beint og óbeint. Má þar til að mynda nefna Sprettskórinn sem er karlakór sem æfir einu sinni í viku og heldur tónleika á vormánuðum í Sprettssalnum ágóði af þessum tónleikum fer síðan í

uppbyggingu á veislusal félagsins. Kvennadeild Spretts hefur séð um veitingasölu á viðburðum á vegum félagsins og hefur ágóði af því farið í uppbyggingu og endurnýjun tækja í veislusal félagsins.
Freymarsfélagið er karlaklúbbur innan hmf. Spretts sem stendur fyrir nokkrum samkomum á ári í samkomusal hmf. Spretts. Ágóði af þessum samkomum hefur farið í ýmis sérverkefni fyrir Sprett m.a. kaup á vökvunartank fyrir reiðvelli.
Töltgrúbban er félagsskapur kvenna í Spretti og hittast einu sinni til tvisvar í viku yfir vetrarmánuðina og æfa reiðmennsku, að vori hefur síðan verið haldin sýning og hefur ágóði af henni farið til líknamála.
Á vegum æskulýðsnefndar Spretts eru haldnir á hverju ári fjölmargir viðburðir tengdir og ótengdir hestamennsku en grunngildi æskulýðsnefndar Spretts hefur verið „allir með, styrkjum einstaklinginn, þroskum liðsandann!“ Viðburðir sem hafa verið á vegum æskulýðsnefndar eru m.a. Þrauta- og leikja dagur.

Tennisfélag Garðabæjar

Síðasti aðalfundur var haldinn 17. mai 2017

Stjórn félagsins:
Eyþór Rafn Þórhallsson, Davíð Ármann Eyþórsson, Luigi Bartolozzi
Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2017 *
Yfirþjálfarar félagsins eru Jón Axel Jónsson, Milan Kosicky og Davíð Ármann Eyþórsson.

TFG var stofnað þann 4. desember 2008 og stunda félagsmenn æfingar í Tennishöllinni að Dalsmára, Kópavogi, í samstarfi við Tennisfélag Kópavogs (TFK) og Badmintonfélag Hafnarfjarðar (BH). Jafnframt hefur félagið boðið upp á mini Tennis æfingar fyrir yngstu aldurflokkana í Ásgarði í Garðabæ.

Tennisfélag Garðabæjar hefur haft tryggan aðgang að aðstöðu til tennisiðkunar fyrir félagsmenn sína í Tennishöllinni að Dalsmára. Þó aðstaðan sé staðsett í Kópavogi hefur nálægð Smárans við Garðabæ gert það að verkum að aðstaðan hefur nýst félaginu mjög vel og hlutfallslega eru margir Garðbæingar að æfa tennis miðað við önnur sveitarfélög í nágrenninu. Tennisfélöginn hafa þar m.a. staðið fyrir mánaðarlegum tennismótum og vikulegum áskorendakeppnum fyrir efnilegustu og lengst komnu börn og unglinga.

UMFÁ - Ungmennafélag Álftaness

Síðasti aðalfundur var haldinn í Íþróttamiðstöðin við Breiðumýri - 19. apríl 2017.

Stjórn félagsins:
Guðjón Þorsteinsson, formaður
Kjartan Örn Sigurðsson, varaformaður
Einar Georgsson, gjaldkeri
Ágúst Jóhann Auðunsson, ritari
Úlfar Haraldsson, meðstjórnandi
Varamaður: Sveinborg Lovísa Hauksdóttir

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2017:
Ungmennafélag Álftaness er með 6 deildir starfræktar, þ.e. knattspyrnudeild, körfuknattleiksdeild, blakdeild, frjálsíþróttadeild, taekwondodeild og almenningsíþróttadeild. Félagið er einnig í samstarfi við sunddeild Stjörnunnar og boðið er upp á æfingar í Álftaneslaug auk þess sem iðkendur UMFÁ eiga kost á að sækja æfingar í Garðabæ. Þetta er áttunda árið sem félögin eru í samstarfi og hefur það mælst vel fyrir. Sunddeild Stjörnunnar sér einnig um sundnámskeið leikskólabarna á sumrin í Álftaneslaug. Knattspyrnudeildin er sem fyrr langstærsta deildin. Álftanes spilaði alla leiki sína á nýjum gervigrasvelli, sem hefur reynst mikil lyftistöng fyrir félagið. Meistaraflokkur karla spilaði í 4.deild og endaði í 3.sæti. Meistaraflokkur kvenna spilaði í 2.deild og endaði einnig í 3.sæti. Stúlkurnar urðu Íslandsmeistarar innanhúss eftir sigur á Selfossi í úrslitaleik. Blak er vinsæl íþróttagrein á Álftanesi og þá aðallega hjá fullorðnum. Nú eru bæði starfandi karla- og kvennablaklið sem taka þátt í Íslandsmótinu. Karlaflokkurinn fer ört stækkandi en þeir æfa með karlaliði Stjörnunnar. Boðið var upp á námskeið í krakkablaki á árinu. Félagið býður sem fyrr upp á Íþróttaskóla barnanna en þar geta börn á leikskólaaldri stundað alhliða hreyfinám undir handleiðslu íþróttafræðinga. Skokkhópur var formlega stofnaður árið 2010. Forsvarsmenn hópsins hafa aðstoðað nýliða við að komast af stað og hefur hlaupurum fjölgað umtalsvert á síðustu mánuðum. Frjálsar íþróttir hafa fest sig vel í sessi sem íþróttagrein hjá félaginu en þetta er tíunda árið í röð sem félagið býður upp á æfingar í frjálsum íþróttum. Á haustmánuðum 2015 byrjuðu tilraunaæfingar í taekwondo. Þátttakan hefur verið vonum framar og ljóst að íþróttagreinin er komin til að vera.

Knattspyrnufélagið Vatnaliljur

Síðasti aðalfundur var haldinn 12. janúar 2018

Stjórn félagsins:
Kristinn Pálsson,
Emil Austmann,
Vésteinn Gauti Hauksson

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2017:
Lengjan, Borgunarbikar, Íslandsmót

Aftureldingar

Síðasti aðalfundur Aftureldingar fór fram 30. mars 2017 í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ.

Aðalstjórn félagsins 2017-2018:
Dagný Kristinsdóttir, formaður
Anna Fríða Magnúsdóttir
Birna Kristín Jónsdóttir
Geirarður Long, Kjartan Reinholdsson
Kristrún Kristjánsdóttir, Sigurður Rúnar Magnússon

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2017:
Íþróttamaður félagsins fyrir árið 2017 var kosinn spretthlauparinn Guðmundur Ágúst Thoroddsen og íþróttakona félagsins blakkonan Thelma Dögg Grétarsdóttir.

Meistaraflokkar félagsins í blaki urðu bikararmeistarar á árinu 2017. Er þetta fyrsti titill Aftureldingar í blaki hjá meistaraflokki karla. Meistaraflokkur kvenna hafnaði í öðru sæti í deildarkeppni og varð einnig að gera sér silfur að góðu eftir tap í oddaleik gegn HK um Íslandsmeistaratitilinn. Sameiginlegt lið Aftureldingar og Fram varð deildarmeistari í 2. deild kvenna og leikur því í 1. deild kvenna á næstu leiktíð. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu hafnaði í 4. sæti í 2. deild.
Meistaraflokkur karla í handbolta fór alla leið í bikarúrslit en tapaði þar fyrir Val. Afturelding hafnaði í 4. sæti í Olís-deild karla og féll út í undanúrslitum í úrslitakeppninni um Íslandsmeistaratitilinn. Meistaraflokkur kvenna lék í 1. deild þar sem liðið hafnaði í 6. sæti.

Afturelding stóð í fyrsta sinn fyrir Starfsdegi félagsins um miðjan september. Þann dag var öll þjálfun í félaginu felld niður og þess í stað settust þjálfarar og starfsfólk félagsins á skólabekk til að hlýða á áhugaverða fyrirlestra. Markmiðið með deginum er að stuðla að aukinni fræðslu fyrir þjálfara og um leið ná víðfemu félagi saman til fundar einu sinni á ári. Starfsdagurinn þótti heppnast ákaflega vel og verður héðan í frá fastur liður í starfsemi félagsins.

Breiðablik

Síðasti aðalfundur var haldinn 28. apríl 2017 í Glersalnum á Kópavogsvelli

Stjórn félagsins:
Sveinn Gíslason, formaður,
Björg Jónsdóttir, varaformaður,
Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri,
Halla Garðarsdóttir, ritari,
Steini Þorvaldsson, meðstjórnandi,
Björgvin Gestsson, meðstjórnandi
og Stefán Ragnar Jónsson, meðstjórnandi.

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2017:
Aðalfundur félagsins fyrir árið 2016 fór fram þann 28. apríl 2017 í glersal stúkunnar á Kópavogsvelli.

Á aðalfundinum voru eftirfarandi kjörnir í aðalstjórn:
Sveinn Gíslason, formaður, Björg Jónsdóttir, varaformaður, Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri, Halla Garðarsdóttir, ritari, Steini Þorvaldsson, meðstjórnandi, Björgvin Gestsson, meðstjórnandi og Stefán Ragnar Jónsson, meðstjórnandi. Þá bar það helst til tíðinda af starfsmannamálum félagsins að Kristján Jónatansson lét af störfum eftir rúmlega 21 ár í starfi fyrir Breiðablik og við hans starfi tók Eysteinn Pétur Lárusson. Þá lét Ásta B. Gunnlaugsdóttir einnig af störfum á árinu sem rekstrarstjóri Breiðabliks en hún hafði einnig starfað fyrir félagið í rúma tvo áratugi. Ástu og Kristjáni voru þökkuð frábær störf fyrir félagið. Farið var í breytingar á lögum félagsins og skipurit félagsins endurskoðað með það markmiði að efla skrifstofu félagsins. Ný stöðugildi fjármálastjóra og íþróttafulltrúa voru kynnt á árinu og var ráðið í þær stöður í vor og sumar. Ný deild leit dagsins ljós en þríþrautardeild Breiðabliks tók til starfa. Hjá félaginu starfa því 11 deildir í dag við góðar aðstæður en verurlega er þó farið að þrengja að í sumum deildum.

Á aðalfundinum voru veittar viðurkenningar.

Félagsmálabikar:
Hallgrímur Davíð Björnsson skíðadeild.
Deildarbikar:
Skákdeild.
Þjálfarabikar:
Helgi Jóhannesson, karatedeild.
Afreksbliki karla:
Ingi Rúnar Kristinsson, frjálsíþróttadeild.
Afreksbliki konur:
Svana Katla Þorsteinsdóttir, karatedeild.
Afrekshópur Breiðabliks:
Mfl kvenna í knattspyrnu.
Gullbliki:
Ásgeir Friðgeirsson, Ásgeir Friðþjófsson, Magnús Skúlason, Karl Stefánsson, Pétur Ómar Ágústsson.
Silfurbliki:
Guðmundur Sigurbergsson, Hildur Grétarsdóttir, Halla Garðarsdóttir, Helgi Viðar Hilmarsson.

Á íþróttahátíð Kópavogs fyrir árið 2017 átti Breiðablik fjölmarga fulltrúa sem hlutu viðurkenningar en íþróttakona Kópavogs fyrir árið 2017 kom úr röðum Breiðabliks en það var Fanndís Friðriksdóttir, knattspyrnukona sem varð fyrir valinu að þessu sinni.
Starf félagsins var mjög gott á árinu eins og undanfarin ár og unnust margir sigrar hjá okkar afreksfólki. Félagið er afar stolt af því frábæra íþróttafólki sem iðkar íþróttir hjá Breiðabliki en fjölbreytileikinn er mikill og ættu allir, ungir sem aldnir, að geta fundið sér íþrótt við hæfi.
Frábær þjónusta er innt af hendi hvort sem það er af hendi þjálfara eða starfsmönnum íþróttamannvirkjana. En til að halda uppi svona fjölbreyttu og öflugu starfi þá þarf gríðarlega mikinn fjölda sjálfboðaliða, bæði til stjórnarsetu í ýmsum deildum og einnig til ýmissa starfa við mótahaldi o.þ.h. Breiðablik býr að miklum mannauð er kemur að þessum málum og gríðarlega þakklátt fyrir framlagið sem verður seint fullþakkað. Þá hefur Breiðablik átt gott samstarf við ÍSÍ, UMFÍ og UMSK og þakkar fyrir gott samstarf á liðnu ári sem og öllum sérsamböndum sem Breiðablik er aðili að.
Þá er ómetanlegur stuðningur bæjaryfirvalda í Kópavogi og án þess stuðnings væri ekki hægt að halda úti jafn öflugu og góðu starfi eins og raun ber vitni.
Breiðablik lítur björtum augum til framtíðar með allt þetta góða íþróttafólk, þjálfara, starfsmenn og sjálfboðaliða innanborðs.

Dansfélagið Hvönn

Síðasti aðalfundur var haldinn í maí 2017.

Stjórn félagsins:
Hafsteinn Örn Guðmundsson Formaður,
Örvar Möller,
Tinna Karen Guðbjartsdóttir,
Hildur Ýr Arnarsdóttir og Aldís Gunnarsdóttir.

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2017:
Dansfélagið Hvönn stofnað 21.okt 1995 er elsta starfandi dansfélag landsins.
Gestaþjálfari hjá okkur er Manuela Faller Landsliðsþjálfi Þýskalands í Latin.
Starfið hefur vaxið og iðkendum fjölgað eftir að við tókum í notkun nýjan og betri sal með betri aðstöðu fyrir nemendur og starfsfólk.
Vorum við með Dansmaraþon sem heppnaðist mjög vel.
Að hausti héldum við hið árlega UMSK dansmót sem var hið glæsilegast og komu 9 pör frá vinaklúbbi Hvannar frá Írlandi.
Var þetta best heppnaða mót vetarins án þess að kasta rýrð á önnur mót og er talað um það í dansinsum að fólk bíði eftir þessu móti og hvað við gerum betur næst, en þetta er gert í samvinnu við hin dansfélögin í Kópavogi.
Vil ég segja fra því að við áttum Baltic Meistara á NEC í Pólllandi en það eru þau Adam Breki Tryggvason sem dansar fyrir Hvönn og Eva Karen Ólafsdóttir sem dansar fyrir HK og þetta litla par náði þeim einstaka árangri að lenda í 2. sæti í Latin á HM í París undir 10 ára og 4.sæti í Ballroom í HM á sömu keppni.

Stjarnan

Síðasti aðalfundur var haldinn 14.maí 2017.

Stjórn félagsins:
Sigurður Bjarnason formaður, Þórdís Sigurbjörnsdóttir varaformaður, Kristján Thorlacius ritari, Þorsteinn Þorbergsson gjaldkeri, Ásta Kristjánsdóttir meðstjórnandi, Sigríður Dís Guðjónsdóttir varamaður, Þorsteinn Júlíus Árnason varamaður

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2017:
Íþróttastarfið í Stjörnunni var sem fyrr í miklum blóma. Mikill kraftur er í öllum deildum félagsins en ber þá árangur meistaraflokks kvenna í hópfimleikum, meistaraflokks kvenna í handbolta og meistaraflokki karla í knattspyrnu einna helst eftirtekt. Stúlkurnar í hópfimleikunum gerðu sér lítið fyrir og vörðu Norðurlandameistaratitilinn sem þær unnu fyrir tveim árum. Stúlkurnar í handboltanum urðu Deildar- og Bikarmeistarar 2017. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu átti einnig mjög gott sumar og endaði í öðru sæti í deildinni og tryggði sér þar sem sæti í Evrópukeppninni næsta sumar. Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu átti einnig gott sumar eða sérstaklega haust en þær komust í 8 liða úrslit í Evrópukeppni félagsliða sem er besti árangur sem íslenskt félagslið hefur náð. Mikil auking er í aðsókn í körfuknattleiksdeild félagsins og stækkar hún hratt. Stjarnan á nú sterk lið bæði í meistaraflokki kvenna og karla og eru ótvírætt orsakatengsl á milli fjölgunar í barna- og unglingastarfi og sterkra fyrirmynda í meistaraflokkum deildarinnar. Meistaraflokkur karla í blaki varð í öðru sæti í bikarkeppninni og spilaði til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn. Hlaupahópur Stjörnunnar er orðinn einn stærsti og öflugasti hlaupahópurinn á höfuðborgarsvæðinu og stóð hann fyrir Stjörnuhlaupinu sem orðið er eitt fjölmennasta hlaup höfðuborgarsvæðisins og var afar vel sótt. Barna- og unglingastarf Stjörnunnar hefur einnig verið í miklum vexti og heldur áfram að stækka. Mestur vöxtur hefur verið í fimleikadeild og knattspyrnudeild en aðrar deildir hafa einnig verið að vaxa.

Tennisfélag Kópavogs

Síðasti aðalfundur haldinn14.maí 2017

Stjórn félagsins:

Formaður	Rut Steinsen
stjórnarmaður	Einar Óskarsson
stjórnarmaður	Helgi Þór Jónasson
stjórnarmaður	Helgi Rúnar Magnússon
stjórnarmaður	Jón Axel Jónsson
varastjórn	Grímur Steinn Emilsson
varastjórn	Ingvar Guðmundsson
varastjórn	Ragna Sigurðardóttir

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2017:
Árið 2017 var gott fyrir Tennisfélag Kópavogs. Rut Steinsen tók við sem formaður félagsins. Barna- og unglingastarfið gengur vel og er félagið heppið með þjálfara. Þar eru fremstir í flokki Jón Axel Jónsson, Milan Kosicky og Dominik Hobacher og aðrir þjálfarar voru m.a, Davíð Ármann Eyþórsson, Sigurjón Ágústsson og Anna Soffía Grönholm auk fleiri aðstoðarþjálfara. Jónas Páll Björnsson er framkvæmdastjóri félagsins og Tennishallarinnar og gengur reksturinn eftir áætlunum.

Barna - og unglingastarf
Vetraræfingar ganga vel og eru í umsjón Jóns Axels Jónssonar, Milan Kosicky og Dominik Hobacher. Góð aðsókn var að Tennis- og leikjaskólanum síðastliðið sumar eins og hefur verið reyndar síðustu ár.

Davíð Ármann Eyþórsson, Hinrik Helgason og Dominik Hobacher sáu um Tennis- og leikjaskólann ásamt Jón Axel og Milan sem sáu um Tennisakademiuna og stóðu þau sig öll vel.

Félagið skipulagði skólakynningar í grunnskólum Kópavogs á árinu og sá Jón Axel Jónsson um þær kynningar.

Félagið skipulagði á árinu námskeið fyrir börn í 1-3. bekk í Smáraskóla í samvinnu við Dægradvölina og á sama tíma. Það heppnaðist vel og voru margir foreldrar ánægðir með að börnin þeirra gætu nýtt þennan tíma til að læra tennis. Stefnt er að því að fjölga þessum námskeiðum á árinu 2018.

Árangur

Tennisfélag Kópavogs átti marga íslandsmeistara á síðasti ári eins og síðastliðinn ár. Sofia Sóley Jónasdóttir sigraði í einliðaleik kvenna á Íslandsmótinu, þrátt fyrir ungan aldur, en hún var 14 ára þegar mótið fór fram og varð margfaldur Íslandsmeistari. Glæsilegur árangur hjá Sofiu Sóley. Anna Soffía Grönholm stóð sig líka mjög vel og varð stigameistari TSÍ á árinu sem byggir á árangri í mótum yfir allt árið. Birkir Gunnarsson varð Íslandsmeistari innanhúss og varð í öðru sæti á Íslandsmótinu í ágúst. Birkir sem var við æfingar og nám í Bandaríkjunum var einnig kosinn Tennismaður ársins. Börn og unglingar úr TFK fóru erlendis á árinu til keppni. Góður hópur fór í æfingaferð til Póllands ásamt Jón Axel Jónssyni yfirþjálfara. Sofia Sóley Jónasdóttir keppti á alþjóðlegu tennismóti í Nice í Frakklandi sem haldið var í Mouratoglou Akademiunni og náði hún öðru sæti í sínum flokki.

Evrópumót og Smáþjóðleikar

Tennisfélag Kópavogs hélt fjögur Evrópumót á árinu í samvinnu við Tennissambandið og Tennishöllina. Í lok maí fyrir 14 ára og yngri í níunda sinn og í annað sinn fyrir 16 ára og yngri þ.e Kópavogur Open og um páskana var haldið WOW Air Icelandic Easter Open fyrir 16 ára og yngri og líka fyrir 14 ára og yngri í sjöunda sinn. Alls komu til landsins og í Kópavoginn rúmlega þrjú hundruð erlendir gestir vegna þessara móta.

Landsliðsmenn

Fimm tennisspilara úr TFK kepptu með landsliðinu á þessu ári þau Anna Soffía Grönholm, Sofia Sóley Jónasdóttir, Selma Dagmar Óskarsdóttir, Birkir Gunnarsson og Vladimir Ristic.
Sofia Sóley keppti einnig fyrir hönd unglingalandsliðs Íslands á Ólympíuleikum Æskunnar og Eliot Roberted og Alex Orri Ingvarsson kepptu fyrir hönd unglingalandsliðsins í Tyrklandi á Þróunarmóti Evrópska Tennissambandsins.

Fullorðinsstarf

Mikil áhugi er einnig á tennisnámskeiðum fyrir fullorðna og eru t.d margir sem koma á byrjendanámskeið í tennis á sumrin. Í Tennishöllinni eru líka skipulagðir opnir tímar bæði kvennatímar og karlatímar og aðrir opnir tímar þar sem allir geta komið og kynnst öðrum spilurum á svipuðu reki og hafa þessir tímar verið vinsælir.

Mótahald

Tennisfélag Kópavogs ásamt Tennishöllinni stóð að flestum Stórmótum TSÍ sem haldin voru á mánaðarlega í Tennishöllinni.

Stækkun Tennishallarinnar og fleiri þjálfarar.

Nú lítur út fyrir að löngu tímabær stækkun Tennishallarinnar verði að veruleika á árinu 2018. Það mun breyta mjög miklu fyrir Tennisfélag Kópavogs og munu æfingatímar aukast um meira en 50%. Það mun leiða til betri æfinga, betri tímar fyrir æfingar munu fást og fleiri munu geta tekið þátt. Ljóst er að á næstu árum þarf að fjölga þjálfurum og vonast félagið til að TSÍ verði öflugt við að sinna þjálfaramenntun.

Öflugt barna- og unglingastarf

Hjá Tennisfélagi Kópavogs er verið að vinna mjög öflugt barna- og unglingastarf og horfir félagið björtum augum til framtíðarinnar. Allir eru velkomir í tennis.
Allar upplýsingar er hægt að fá á www. tfk.is eða í síma 564 4030.

Glóð

Stjórn félagsins:
Margrét Björnsdóttir, formaður
Þórdís Bjarnadóttir, Lovísa Jónsdóttir
Sigríður Björnsdóttir, Guðrún Fanney Júlíusdóttir
Varamenn: Sigríður Bjarnadóttir

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2017 *

Vetrarstarfsemin byrjaði fyrst í janúar á línudansi, boccia og ringói. Það voru fjórir æfingahópar í línudansi hjá Glóð fram í apríl eða alls um 40 manns. Boccia var æft einu sinni í viku og ringó tvisvar í viku. Æfingar fóru fram í íþróttasal Kópavogsskóla, í Íþróttahúsinu Digranesi, í Smáranum og í Félsgsmiðstöðinni Gullsmára í þeim greinum sem í boði voru. Hinu formlega vetrarstarfi lauk í maí.

Æfingar á haustönn byrjuðu í sepember. Ekki tókst að fá línudanskennara í þetta skiptið en línudansinn er á útleið og alls ekki jafn vinsæll og áður var.
Boccia var æft einu sinni í viku og ringó tvisvar í viku. Æfingar fóru fram í íþróttasal Kópavogsskóla, í Íþróttahúsinu Digranesi og í Smáranum.
Íþróttafélagið Glóð tók á árinu þátt í ýmsum keppnum í ringói og boccia:
Boccia: Í febrúar var keppt í boccia á UMSK móti í Mosfellsbæ og í nóvember var keppt á bocciamóti á Akranesi og vann Glóð þar til silfurverðlauna.

Ringó: Í mars var keppt á ringómóti í Borgarnesi og í maí var keppt á ringómóti á Hvolsvelli.

Það er að færast meira fjör í ringóið og æ fleiri eru farnir að spila það. Glóð tók þátt í landsmóti UMFÍ 50+ í Hveragerði í júní. Ekki var um skipulagða ferð á vegum Glóðar en það voru nokkrir Glóðarfélagar á mótinu og tvö lið kepptu í ringó.

Tveir Glóðarfélagar tóku þátt í sundi á mótinu. Í flokki kvenna unnust tvenn gullverðlaun og í hópi karla unnust þrenn silfurverðlaun.
Glóð hefur til afnota góðan púttvöll á sumrin í Kópavogsdal. Æft er tvisvar í viku, byrjað er í júní og endað í lok ágúst. Þetta er góð samvera félaga á fallegum stað og er völlurinn þó nokkuð notaður og á notkun hans örugglega eftir að færast í aukana.
Á síðasta ársþingi UMSK sem haldið var í febrúar í Kórnum í Kópavogi voru fjórir félagar Glóðar heiðraðir með starfsmerki UMSK. Þau eru öll úr ringóhópnum.

17. júní kaffihlaðborðið var á sínum stað í félagsmiðstöðinni Gjábakka en það er ein af fjáröflunarleiðum félagsins.
Í nóvember var haldinn mjög góður fræðslufundur um styrktarþjálfun þar sem íþróttafræðingur fræddi Glóðarfélaga um mikilvægi styrktarþjálfunar, fyrir þá sem eru að eldast, til þess að viðhalda styrk og sjálfstæði.

Á aðalfundi Glóðar voru tvær konur heiðraðar með silfurmerki UMSK og var það formaður UMSK Valdimar Leó Friðriksson sem það gerði. Það voru þær Ragna Guðvarðardóttir og Dóra Hannesdóttir sem voru einar af stofnendum Íþróttafélagsins Glóðar. Þær hafa lagt fram ómælda vinnu í gegnum árin bæði í formi félagsmála sem og keppnismenn.
Á aðalfundinum voru gerðar ýmsar lagabreitingar á lögum félagsins. Aðalbreytingin á lögunum var að í stað þriggja aðalmanna í stjórn verði kosnir fimm aðalmenn.

Stjórn Glóðar hefur talsvert rætt um frístundastyrk fyrir 67 ára og eldri hér í Kópavogi.

Þann 27. október 2017 var sent bréf til bæjarráðs Kópavogs og íþróttaráðs Kópavogs um hugmynd Glóðar.

Viðurkenningar UMSK

Heiðursviðurkenning

Björn B. Bjarnason	2008	F.v. form. UMFÍ
Ellert B. Schram	2008	Alþingismaður
Gísli Halldórsson	1999	forseti ÓÍ
Gunnar Ingi Birgisson	2007	bæjarstjóri
